STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

# SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK, 20.–21. NÓVEMBER 2014



ICELANDAIR CARGO Því tíminn flýgur
TM
Íslandsbanki
Oddi
samskip
PROMENS

www.sjavarutvegsradstefnan.is

SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN



## Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Tilgangur félagsins er að halda árlega ráðstefnu til að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og að vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Félagið er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu.

## Hugmyndin

Hugmyndin að sjávarútvegsráðstefnunni er að skapa samskiptavettvang allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn.

## Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins kýs 6 manna stjórn sem er jafnframt ráðstefnuráð. Stjórn félagsins skipuleggur og sér um framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar. Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi sjávarútvegs. Til að tryggja að sjónarmið sem flestra innan greinarinnar nái fram er gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun með því að skipta út helmingi stjórnar á hverju ári.

## Sjávarútvegsráðstefnan er fyrir alla!

Markmið Sjávarútvegsráðstefnunnar er að ná saman á einum stað þversneið af íslenskum sjávarútvegi til að vinna að framförum og sókn. Sjávarútvegsráðstefnan er vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni. Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs og vonast er að hún verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka.

## Næstu ráðstefnur og upplýsingamiðlun

Á vef félagsins sem er www.sjavarutvegsradstefnan.is gefst öllum tækifæri að koma með tillögur um efnistök á næstu ráðstefnu og fulltrúa í stjórn félagsins. Á vefnum verður jafnframt hægt að sækja dagskrá og skrá sig á ráðstefnuna. Á vefsíðu félagsins verður einnig hægt að sækja erindi og önnur gögn sem gefin verða út í tilefni ráðstefnanna.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013/2014. Efri röð frá vinstri; Grímur Valdimarsson, Guðbrandur Sigurðsson og Gísli Gíslason. Neðri röð frá vinstri: Erla Kristinsdóttir, formaður, Bylgja Hauksdóttir og Rannveig Björnsdóttir.

Útgefandi: Sjávarútvegsráðstefnan ehf.
Hönnun og uppsetning: Oddi ehf.
Umsjón með útgáfu: Valdimar Ingi Gunnarsson
Skráning og móttaka: Congress Reykjavík
Prentun: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja
Upplag: 550 eintök

STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

# SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK, 20.–21. NÓVEMBER 2014

## EFNISYFIRLIT


Ávarp formanns .......... 4
Dagskrá .......... 8
Framúrstefnuhugmynd 2014 .......... 10
Útdrættir erinda .......... 14
Framúrstefnuhugmynd 2013 .......... 34
Framúrstefnuhugmynd 2012 .......... 36
Framúrstefnuhugmynd 2011 .......... 36
Sjávarútvegsráðstefnan 2013 .......... 38
Sjávarútvegsráðstefnan 2012 .......... 42
Sjávarútvegsráðstefnan 2011 .......... 44
Sjávarútvegsráðstefnan 2010 .......... 46

# Íslandsbanki hefur sterkar rætur í sjávarútvegi

Íslandsbanki er einn af aðalstyrktaraðilum sjávarútvegsráðstefnunnar í ár. Mikil vinna er að baki hjá forsvarsmönnum ráðstefnunnar að gera dagskrána eins áhugaverða og gagnlega fyrir þátttakendur og frekast er unnt. Sjávarútvegsráðstefnan hefur mikla þýðingu fyrir sjávarútveginn og íslenskt samfélag í heild sem þekkingarbrunnur og samastaður fyrir opin, hreinskiptin og uppbyggileg skoðanaskipti þar sem gagnkvæm virðing ríkir. Þetta er nauðsynlegt til þess að greinin fái að þróast með heilbrigðum og farsælum hætti.

## Íslandsbanki í sjávarútvegi

*Bankinn einbeitir sér að öllum þáttum í virðiskeðju sjávarútvegsins*

Saga Íslandsbanka og forvera hans er samofin sjávarútveginum en markmiðið með stofnun bankans var að styðja við vélvæðingu íslensks fiskiskipaflota og uppbyggingu nútímalegrar útgerðar. Í dag einbeitir Íslandsbanki sér að öllum þáttum í virðiskeðju sjávarútvegsins í gegnum fjölmargar mismunandi deildir bankans. Þótt þjónustan felist oftast nær í daglegri umsýslu er einnig rík þörf fyrir lánastarfsemi, gjaldeyrisviðskipti, eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf, allt eftir umfangi og skipulagi rekstrar viðskiptavinanna.

Til þess að tryggja afburðaþjónustu hefur verið myndaður sérfræðingahópur sem samanstendur af starfsfólki með áralanga reynslu í fjármálageiranum og sjávarútveginum. Sjávarútvegsteymi bankans hefur aðsetur í Reykjavík en vinnur náið með útibúum bankans um allt land.

*Sjávarútvegur telur um 22% af lánasafni bankans til fyrirtækja*

Íslandsbanki hefur jafnframt takmarkað sig við sjávarútveg og orkuverkefni þegar kemur að útlánum til fyrirtækja með starfsemi á erlendri grundu. Í því sambandi hefur bankinn mótað sér þá stefnu að markaðssvæði bankans sé Norður-Atlantshaf og byggist það á sérþekkingu og góðum viðskiptasamböndum. Í dag telur sjávarútvegur um 22% af lánasafni bankans til fyrirtækja og er bókfært virði lána til sjávarútvegsfélaga metið á um 78 milljarðar króna.

## Sterkar stoðir undir nýsköpun

*Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka styrkir verkefni á sviði endurnýjanlegrar orku og sjálfbærs þróunar í sjávarútvegi*

Íslandsbanki hefur verið virkur þátttakandi í ýmsum nýsköpunarverkefnum er varða sjávarútveginn, meðal annars með stofnun Frumkvöðlasjóðs Íslandsbanka, sem styrkir verkefni á sviði endurnýjanlegrar orku og sjálfbærrar þróunar í sjávarútvegi. Sjóðurinn úthlutar fé tvisvar á ári og auglýsir eftir umsóknum samkvæmt úthlutunarreglum sem aðgengilegar eru á vef bankans.

Einnig er bankinn einn af stofnaðilum Íslenska Sjávarklasans og hefur styrkt myndarlega það góða starf sem þar er unnið. Með auknu samstarfi geta fyrirtæki innan klasans hjálpast að við að koma vöru sinni á framfæri í hinni hörðu samkeppni. Mörg þessara fyrirtækja eru enn á þróunarstigi og það er þeim mikilvægt að hafa aðgang að traustum samstarfsaðilum, viðskiptavinum og í einhverjum tilvikum mögulegum fjárfestum. Íslandsbanki hefur staðið að kynningum fyrir fjárfesta í samstarfi við Sjávarklasann þar sem frumkvöðlar leita eftir samstarfsaðilum til að koma hugmyndum sínum í rekstrarhæft form. Þarna er um að ræða gríðarlega fjölbreyttar hugmyndir sem verið er að þróa til þess að skapa aukin verðmæti og ljóst að fjölbreytileiki sjávarútvegsins fer ört vaxandi, sem hjálpar greininni að laða að sér skapandi og kraftmikið starfsfólk.



**Efri röð frá vinstri:** Rúnar Jónsson, forstöðumaður sjávarútvegsteymis Íslandsbanka, Rafn Árnason, Elvar Orri Hreinsson, Timothy Spanos, Ólafur Hrafn Ólafsson, Ragnar Guðjónsson og Atli Rafn Björnsson. **Neðri röð:** Halldór Ragnar Gíslason, Vilhelm Már Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs og Linda Guðmundsdóttir Lyngmo.

Skýrsla Íslandsbanka um íslenskan sjávarútveg gefur innsýn í stöðu hans og þróun síðustu árin

## Útgáfa um íslenskan sjávarútveg

Íslandsbanki og forverar hans hafa gefið út skýrslur um íslenskan sjávarútveg allar götur síðan 2003. Nú sem áður er leitast við að gefa góða innsýn í stöðu íslensks sjávarútvegs og þróun atvinnugreinarinnar síðustu árin. Skýrslan í ár kemur út í tengslum við Sjávarútvegsráðstefnuna og fylgir gagnapakka ráðstefnunnar. Er það von okkar að skýrslan nýtist ráðstefnugestum vel, sem og öðrum sem vilja tengjast eða fræðast um íslenskan sjávarútveg. Hún verður vonandi góð viðbót við fjölbreytta flóru blaða og tímarita sem hafa sérhæft sig í umfjöllun um íslenskan sjávarútveg undanfarin ár. Skýrslan er jafnframt aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu bankans ásamt eldra útgáfuefni.

**Brot úr skýrslunni:**
Síðastliðna þrjá áratugi hefur þorskaflinn dregist saman um næstum helming en á sama tíma hefur útflutningsverðmæti aflans aukist um 138%. Heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða hefur aukist um 31% undanfarin fimm ár og nam það um 272 milljörðum króna árið 2013.



Íslandsbanki mun áfram leitast eftir samstarfi við íslenskan sjávarútveg. Starfsmenn Íslandsbanka bjóða alla velkomna að heimsækja bás bankans á Sjávarútvegsráðstefnunni og kynna sér hvað Íslandsbanki er að gera í sjávarútvegi. Við tökum vel á móti þér.

Sjávarútvegsteymi Íslandsbanka

# Formáli



**Af hverju sjávarútvegsráðstefna?**
Tilgangur ráðstefna er einfaldur. Fólk kemur saman til að læra af fortíðinni, greina og meta mögulega framtíð út frá núverandi stöðu í tækniþróun, markaðsþróun, út frá þróun auðlindarinnar, efnahagslífs og áherslum stjórnvalda. Allt eru þetta þræðir sem liggja í gegnum sjávarútveginn og tengja hagsmuni ólíkra fyrirtækja í greininni. Þessir hagsmunaþræðir tengja saman fyrirtækin hvort sem þau starfa við veiðar, framleiðslu, þjónustu eða sölu.

Það er ekki að ástæðulausu sem verðmæti sjávarafurða hefur aukist á síðustu áratugum, á sama tíma og veitt magn úr sjó hefur dregist saman. Framþróunin verður vegna þess að fólk talar saman, lærir af reynslunni og metur ólíka kosti til þess að gera betur. Engin framþróun getur verið möguleg án þess að fólk komi saman, tali saman og taki ákvarðanir. Sjávarútvegsráðstefnan er þarft innlegg í umræðu fólks sem tekur stefnumótandi og daglegar ákvarðanir í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja, sem og fyrirtækja sem þjónusta kjarnafyrirtækin í greininni, fyrirtækin sem veiða, framleiða og selja íslenskar sjávarafurðir.

**Finna leiðir til að auka verðmæti**
Verðmætaaukning framtíðarinnar mun snúast um að nýta allt sem kemur upp úr sjónum og koma því í sífellt verðmætari afurðir. Verðmætaaukning mun byggja á samspili vöruþróunar og markaðssetningar og skilvirkni í öllu ferlinu frá veiðum til afhendingar vöru. Þannig aukast verðmæti og ef ekki væri fyrir skapandi kraft Íslendinga, þá værum við eflaust komin skemur á veg með nýtingu alls þess sem úr sjónum kemur. En það er hugmyndaauðgi og sköpunargáfa sem hefur tengt hagsmuni sjávarútvegs saman við hagsmuni lyfja- og bætiefnaiðnaðar, við snyrtivöruframleiðendur og við tískufyrirtæki. Einu takmörk verðmætaaukningar í sjávarútvegi eru takmörk hugmyndaauðgi. Lokatakmark nýtingar hlýtur að vera núll prósent úrgangur, þannig að ekkert fari út úr framleiðslunni annað en verðmætar vörur. Þessi þróun er löngu hafin og henni mun aldrei ljúka, svo framarlega sem stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja sinni vel þróunar- og nýsköpunarstarfi í samvinnu við markaðsfólkið.

**Samstarf í markaðs- og sölumálum**
En hvernig stöndum við okkur í markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum? Íslandsstofa hefur leitt verkefni til að marka stefnu sem getur nýst öllum hagsmunaaðilum og orðið grunnur í sameiginlegri kynningu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum á erlendum mörkuðum. Það er vel, en betur má ef duga skal. Þarf ekki frekara samstarf í kynningarstarfi og auglýsingum á íslenskum sjávarfurðum til að sem besti árangur náist í sölu þeirra? Erum við að gera nóg til að skilja þarfir neytenda? Erum við að upplýsa kaupendur á markvissan hátt um það, að við höfum vöruna sem þá vantar?

Nýleg herferð í markaðssetningu á saltfiski er dæmi um það hvernig hægt er að vinna saman að markaðssetningu á ákveðinni vöru. Vottanir eins og IRF og MSC eru af hinu góða og spurning hvort þar liggi ekki frekari tækifæri til sameiginlegs markaðsstarfs á grunni upprunamerkinga og virðingar fyrir auðlindum náttúrunnar.

Markaðsstarf er langtíma verkefni og má ekki byggja eingöngu á einstaka markaðsherferðum. Markaðsstarf er samfelld greining og kynning á vörum sem mæta þörfum. Sem dæmi þá vitum við öll að viðhorf fólks til matargerðar er annað í dag en fyrir 10 árum eða 20 árum. Innkaupalistar ganga ekki í erfðir. Ef við fylgjumst ekki með þróun á lífstílsbreytingum fólks þá bjóðum við fljótlega úreltar vörur, eða bara hráefni sem aðrir framleiða úr verðmætar vörur.

**Sjávarútvegsráðstefnan ehf**
Vinna við sjávarútvegsráðstefnuna er að mestu sjálfboðastarf. Vettvangur sem þessi lifir á áhuga og framlagi allra sem starfa við greinina. Það er undir okkur öllum komið að ráðstefnan verði áfram sterkur vettvangur fyrir íslenskan sjávarútveg. Í lok ráðstefnunnar verður aðalfundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf haldinn, þar sem kjósa þarf þrjá nýja aðila í stjórn, en stjórn félagsins er um leið ráðstefnuráð. Fólk er kosið til tveggja ára og helmingur stjórnarmanna hættir á hverju ári. Þetta stuðlar að endurnýjun sem er mikilvæg til að tryggja nýjar hugmyndir um áherslur, efni og ræðumenn. Hvet ég fólk til að bjóða fram krafta sína til stjórnarsetu.

Þrátt fyrir sjálfboðastarf og aðhald í rekstri, þá kostar mikið að halda góða ráðstefnu. Aðgangseyrir dekkar aðeins hluta kostnaðar og því erum við þakklát fjárhagsframlagi margra fyrirtækja við að gera þessa ráðstefnu að veruleika.

Ég þakka stjórnarmönnum fyrir ánægjulegt og gott samstarf við undirbúning ráðstefnunnar. Einnig þakka ég starfsmanni ráðstefnunar Valdimar Gunnarssyni fyrir hans framlag en hann er máttarstólpi þessarar ráðstefnu.

*Erla Kristinsdóttir*


ÍSLENSKA SIA.IS IFR 70548 09/14
FERSKLEIKINN ER SAMVINNA
Þegar ferskleikinn skiptir höfuðmáli er helsta fyrirstaðan ekki fjarlægðin, heldur tíminn sem líður.
Saman vinnum við að því að hámarka verðmæti íslenskra sjávarafurða með því að viðhalda bestu mögulegum gæðum og ferskleika.
Því tíminn flýgur
ICELANDAIR CARGO



# Samskip fyrir sjávarútveginn

Frá því að fiskurinn kemur í netið og þar til hann byrjar að snarka á pönnu meistarakokks í París þarf hann að ferðast langa leið.

Fersk og viðkvæm vara eins og íslenskt sjávarfang kallar á nærgætna meðhöndlun og fagmennsku. Við hjá Samskipum bjóðum sjávarútvegsfyrirtækjum virðisaukandi lausnir og margþætta þjónustu sem tryggir að varan komist til skila á hagkvæman og öruggan hátt.

Við bjóðum þér meðbyr.



ENNEMM / SÍA / NM64913

SAMSKIP
Saman náum við árangri

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagurinn 20. nóvember

**09:00 Afhending gagna**

## Íslenskur sjávarútvegur

Fundarstjóri: *Erla Kristinsdóttir*

**10:00 Opnun,** *Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra*
**10:20 Fish: Food for Whales -Food for People? Food for Thought!** *Jóhán H. Williams*
**10:50 Íslenskur sjávarútvegur, heimsafli og sóknarfæri utan íslenskrar lögsögu,** *Kristján Hjaltason*
**11:10 Framboð, framleiðsla og sala á uppsjávartegundum,** *Hermann Stefánsson*
**11:30 Afhending framúrstefnuverðlauna,** *Hjálmar Sigþórsson*
**11:40 Umræður**

**Matur 12:00-13:00**

## Málstofa A1

**Gullteigur**

### Eitt, tvö eða fleiri fiskveiðistjórnakerfi ?

Málstofustjóri: *Helga Sigurrós Valgeirsdóttir*

13:00 Yfirlit yfir fiskveiðistjórnakerfi, *Hörður Sævaldason*
13:20 Frjálsar veiðar fyrir smábáta? *Halldór Ármannsson*
13:40 Sameining kerfa? *Jakob Valgeir Flosason*
14:00 Samanburður valkosta, *Ragnar Árnason*
14:20 Umræður

## Málstofa B1

**Hvammur**

### Uppsjávarfiskur – Þögla byltingin

Málstofustjóri: *Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson*

13:00 Þróun á veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski í aldarfjórðung, *Teitur Gylfason*
13:20 Staðan á mjöl og lýsismarkaðnum í dag og framtíðarhorfur, *Jens Garðar Helgason*
13:40 Manneldisvinnsla á uppsjávarfiski – yfirlit um þá ótrúlegu þróun og tæknibreytingar, *Ingólfur Árnason*
14:00 Aukin áhersla á ferskleika, meðhöndlun aflans og vinnslu úti á sjó hefur kallað á ný viðmið í hönnun uppsjávarskipa, *Hjörtur Emilsson*
14:20 Umræður

**Kaffi: 14:45-15:15**

## Málstofa A2

**Gullteigur**

### Eru fjárfestingartækifæri í sjávarútvegi?

Málstofustjóri: *Birna Einarsdóttir*

15:15 Yfirlit um íslenskan sjávarútveg – eru tækifæri til fjárfestingar og í hverju verða þau tækifæri fólgin til framtíðar? *Rúnar Jónsson*
15:35 Yfirlit um það sem er að gerast erlendis, *Kjartan Ólafsson*
15:55 Hvað er það sem fjárfestar sjá í sjávarútvegi? *Ægir Páll Friðbertsson*
16:15 Fjárfesting í óskráðum sjávarútvegsfélögum, *Kolbrún Jónsdóttir*
16:35 Umræður

## Málstofa B2

**Hvammur**

### Tækifæri til nýsköpunar í sjávarútvegi

Málstofustjóri: *Ragnheiður Þórarinsdóttir*

15:15 Vannýttar tegundir, *Guðrún Þórarinsdóttir*
15:35 Verðmætasköpun úr hliðarafurðum – Möguleikar og framtíðarsýn, *Erla Pétursdóttir*
15:45 Náttúrulegar trefjar úr sjávarkistu við Íslandsstrendur, *Hélène L. Lauzon*
15:05 Verðmætasköpun úr hliðarafurðum – Prótein framtíðarinnar, *Sigríður Gísladóttir*
16:15 Sjóðir, tækifæri og hvatning til rannsókna, þróunar og nýsköpunar í sjávarútvegi, *Oddur Már Gunnarsson*
16:35 Umræður

**17:00-19:00 Móttaka í boði Íslandsbanka**

# Föstudagurinn 21. nóvember

## Málstofa A3

**Gullteigur**

### Sjávarútvegur og menntun

Málstofustjóri: *Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir*

09:00 University Fisheries and Fishing Industry Programs: An International Review of Approaches and Experience, *Gunnar Knapp*

09:20 Sjávarútvegur og breytingar í hafinu, *Hrönn Egilsdóttir*

09:40 Umhverfisvitund og menntun í sjávarútvegi, *Kolbeinn Árnason*

10:00 Fræðsla um sjávarútveg í grunn- og framhaldsskólum, *Hreiðar Þór Valtýsson*

10:20 Umræður

## Málstofa B3

**Hvammur**

### Nýsköpun í kæli– og frystitækni

Málstofustjóri: *Sæmundur Elíasson*

09:00 Ofurkæling á heilum fiski og flökum, *Þorsteinn Ingi Víglundsson*

09:15 Fersk flök flutt í kerum eða kössum? *Björn Margeirsson*

09:30 Kæling uppsjávarfisks fyrir vinnslu, *Sigurjón Arason*

09:45 Gæði og stöðugleiki frystra makrílafurða – áhrif frystiaðferða og geymslu *Magnea G. Karlsdóttir*

10:00 Kælimiðlar framtíðarinnar, umhverfismál og hagkvæmni, *Sigurður Bergsson*

10:15 Umræður

**Kaffi 10:50-11:20**

## Málstofa A4

**Gullteigur**

### Hvað er sanngjarnt auðlindagjald?

Málstofustjóri: *Gísli Gíslason*

11:20 Fræðilegar forsendur auðlindagjalds, *Daði Már Kristófersson*

11:40 Auðlindagjald hjá öðrum fiskveiðiþjóðum, *Sigurður Steinn Einarsson*

12:00 Sanngjarnt veiðileyfagjald út frá sjónarmiði útgerðarinnar, *Friðrik Mar Guðmundsson*

12:20 Sanngjarnt auðlindagjald gagnvart hverjum?, *Steingrímur J. Sigfússon*

12:40 Umræður

## Málstofa B4

**Hvammur**

### Vinnsla á sjó eða vinnsla í landi?

Málstofustjóri: *Karen Kjartansdóttir*

11:20 Yfirlitserindi um þróun vinnslu á sjó og þeim valkostum sem útgerðir hafa staðið frammi fyrir, *Eiríkur Óli Dagbjartsson*

11:40 Samkeppnihæfni á sjó og landi, *Bjarki Vigfússon*

12:00 Erum við á réttri leið? *Árni Bjarnason*

12:20 Staða og horfur á markaði fyrir sjófrystar afurðir, *Sturlaugur Haraldsson*

12:40 Umræður

**Kaffi 13:10-13:40**

### Markaðir til framtíðar

Fundarstjóri: *Alda Möller*

13:40 Why Origin Matters, *Hólmfríður Harðardóttir*

14:00 Stefnumörkun í markaðssamskiptum og ímynd íslenskra sjávarafurða, *Guðný Káradóttir*

14:20 Presentation from a high-end retail chain: branding of seafood products to end consumers, *Rüdiger Buddruss*

14:40 Umræður

15:10 Lokaávarp, *Jens Garðar Helgason, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi*

15:20 Ráðstefnulok

**Hluthafafundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.**

15:30 Kosning þriggja nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Sjávarútvegsráðstefnu 2015 o.fl.

# Svifaldan 2014
# Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar

**„Svifaldan"** verðlaunagripurinn fyrir Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar verður veittur nú í fjórða sinn, en markmiðið er að efla umræður og hvetja nýja hugsun með framsæknum og frumlegum hugmyndum. Í ár bárust 12 hugmyndir og er hér gerð stuttleg grein fyrir fimm þeirra.



Dómnefnd Framúrstefnuhugmyndar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2014.
Fremri röð frá vinstri:
Guðrún Ólafsdóttir og Karl Már Einarsson. Aftari röð frá vinstri: Páll Gunnar Pálsson, Hjálmar Sigurþórsson og Ásgeir Ingvi Jónsson. Á innfeldu myndinni er Ásgeir Ásgeirsson.

## Sporðskurður á fiski fyrir flökun

Umsækjandi: Unnsteinn Guðmundsson, 4Fish ehf, Grundarfirði.

Hugmyndin felst í því að skera sporð af bolfiski fyrir flökun og samkvæmt upplýsingum í umsókn þá hefur þessi litla aðgerð víðtæk og mikil áhrif á gæði flökunar í flökunarvélum. Í tilraunavinnslu hefur þessi aðgerð aukið verðmætasköpun í vinnslu umtalsvert, lægra hlutfall fer í blokk og marning, afköst í vinnslu hafa aukist um ríflega fjórðung, þar sem flökunargallar hafa minnkað um meira en helming. Líkur eru á því að sporðskurður bæti blæðingu og gefi blæbetri flök.

Þessi aðgerð er einföld í framkvæmd og kostar ekki aukaskref í vinnslunni þar sem skurðarvél er komið fyrir við hausara.

Hugmyndin er einföld en snjöll og getur við fyrstu kynni haft víðtæk áhrif á afköst, nýtingu og gæði bolfiskvinnslu og skilað miklum verðmætum til framtíðar, bæði fyrir hugmyndasmiðinn og þau fyrirtæki sem nýta sér þessa nýju lausn.

## Viking Silver – Þangauður Breiðarfjarðar

Umsækjandi: Guðni Þór Þrándarson, Íslenska saltbrennslan ehf, Reykjavík

Verkefnið gengur út að endurvekja hina fornîslensku hefð að brenna þang og nota sem salt. Þetta var hagkvæmasta leiðin til saltöflunar áður en siglingar urðu algengar. Þaraaskan er gríðarlega steinefnarík, sérlega rík af joði og hentar vel til að salta ýmsan mat. Varan er búin til úr brúnþara frá Þörungaverksmiðjunni, er silfurgrá og svört og þaðan kemur vöruheitið „Viking Silver". Engin sambærileg vara hefur verið á markaði í hundruðir ára en í Japan er þang brennt í litlum helgiathöfnum, auk þess sem ýmsar gerðir af þarablönduðu sjávarsalti seljast ágætlega.

## Staðbundin áta fyrir þorskseiði

Umsækjandi: Hallgrímur Björgúlfsson, Reykjavík

Tillagan felst í því að hanna pýramídakör eða sambærilegt sem myndi þjóna því hlutverki að hafa átu alltaf til staðar á vissum svæðum fyrir þorskseiði.

Pýramídakörin væru með tvöföldu lagi og í botninum yrði fæðan ræktuð á hitaveitusvæði til að flýta fyrir gróðri. Körin væru með göt á innri hliðinni svo að fæðan losni að sjálfu sér fyrir seiðin. Best væri að körin væru framleidd af karaframleiðanda sem nú þegar hefur þekkingu á hvaða efni senda ekki frá sér eiturefni í söltum sjó. Rannsóknir í Noregi hafa sýnt að þorskseiðum sem sleppt er út á hafi halda sig í 20 km radíus frá sleppistað. Á þessum rannsóknum byggir hugmyndin að hluta til.

## Hágæða kollagen fæðubótarefni og húðvörur úr aukaafurðum fisksins

Umsækjandi: Hrönn Margrét Magnúsdóttir, Ankra ehf, Reykjavík

Hugmyndin endurspeglar nýja hugsun bæði í nýtingu á aukaafurðum íslenska fisksins sem og nýja hugsun á snyrtivörumarkaði. Ankra þróar og markaðssetur bæði húðvörur og fæðubótaefni sem innihalda fiskikollagen unnið úr íslensku fiskroði. Vörurnar verða bæði seldar saman í einingu, húðvara með fæðubótaefni (e. combo) og einnig stakar. Saman vinna fæðubótaefnin og húðvörurnar bæði innan frá og utan að bættu útlit og líðan. Vörur Ankra verða allar markaðssettar undir vörumerkinu Feel Iceland þar sem einblínt verður á sérstöðu og hreinleika Íslands ásamt samfélagslegri

# TAKTU KERIN Á LEIGU

**NÝR VALKOSTUR Í KERA-ÚTLEIGU**




**iTUB er nýr og hagkvæmur valkostur fyrir þá sem kjósa að leigja til sín fiskiker**

## Kostir við að leigja iTUB ker

- Stöflunareiginleikar og öryggi eins og best gerist
- Innbyggt staðsetningarkerfi með möguleika á hitastigsmælingum
- Eingöngu PE ker sem standast ströngustu kröfur
- Draga ekki í sig vökva
- Aukið hreinlæti
- Halda þyngd sinni og lögun út líftíma
- Endurvinnanleg – Umhverfisvæn

Hafðu samband og við finnum út hvað hentar þér best

iTUB
www.itub.no

**iTUB** • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvik • Sími: 460 5041
Netfang: itub@promens.com



Svifaldan, verðlaunagripur framúrstefnuhugmyndar Sjávarútvegsráðstefnunnar.

og umhverfis ábyrgð þar sem til að mynda ábyrgar veiðar Íslendinga spila stórt hlutverk. Um er að ræða öðruvísi vöruframboð á vörum unnum úr íslenskum fisk bæði hérlendis sem og erlendis. Mikil umræða hefur átt sér stað síðustu misseri varðandi hversu mikil áhrif matarræði og bætiefni hafa á bæði heilsu og útlit og fjölmargar rannsóknir sýnt fram á að matarræði getur haft jafnvel enn betri áhrif en krem.

### Landeldi á Evrópuhumri

Umsækjandi: Ragnheiður Þórarinsdóttir, Svinna-verkfræði ehf, Reykjavík

Hugmyndin felst í því að koma upp landeldi á Evrópuhumri (Homarus gammarus) hérlendis og ala humar upp í 300 gramma (ca. 20 cm) stærð með áherslu á sölu til veitingahúsa. Svinna-verkfræði ehf hefur að undanförnu kannað hvort fýsilegt geti verið að koma upp humareldi í endurnýtingarkerfi og nýta jarðvarma til að halda hitastigi stöðugu við 20°C allt árið. Verkefnið byggir á viðamiklum rannsóknum sem gerðar hafa verið í Noregi og hófust 1999. Norska fyrirtækið Norwegian lobster farm þróaði í samstarfi við fyrirtæki, háskóla og rannsóknastofnanir í Noregi framleiðslutækni til stór-skala framleiðslu, byggði tveggja tonna pilot-stöð á eyjunni Kvitsöy við Stavanger, vann að þróun á humarfóðri og rannsakaði helstu líffræðilega þætti.

### Þrjár bestu hugmyndirnar

Framúrstefnulegasta hugmyndin mun hljóta Sviföldunа sem er verðlaungripur, sem er gefin af TM, en jafnfamt verður veitt verðlaunafé og viðurkenningar til þeirra sem standa að þremur bestu hugmyndunum að mati dómnefndar. Öllum þeim sem sendu inn hugmyndir er þakkað fyrir framtakið. Þeir sem vilja fá frekari upplýsingar um tillögurnar og höfunda er bent á að hafa samband við Valdimar Inga Gunnarsson (netfang: valdimar@sjavarutvegur.is).


ENNEMM / SÍA / NM65632



Þjónusta við fyrirtæki

Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Þekking sprettur af áhuga.

Ragnar Guðjónsson hefur starfað við fjármögnun sjávarútvegs í 40 ár.
Ragnar er viðskiptastjóri í sjávarútvegsteymi Íslandsbanka.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki




# Markaðs- og útgáfuhús í sjávarútvegi

HEIMASÍÐUR

SAMFÉLAGSMIÐLAR

AUGLÝSINGAR

SÝNINGARBÁSAR

UMBÚÐAHÖNNUN

BIRTINGAR

KYNNINGARMYNDBÖND

ÚTGÁFA





Sjávarafl | Grandagarði 16 | hús íslenska sjávaraklasans | 101 Reykjavík | Sími: 8999964 | hallo@sjavarafl.is | www.sjavarafl.is



Málstofustjóri:
Erla Kristinsdóttir
formaður Sjávar-útvegsráðstefnunnar

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
|---|---|---|
| Gullteigur | Fimmtudagur | 10.00-12.00 |

Opnunarmálstofa Sjávarútvegsráðstefnunnar gefur yfirlit yfir íslenskan sjávarútveg og fjallar um mikilvæg og stór málefni sem snerta greinina til skemmri og lengri tíma. Fráfarandi formaður sjávarútvegsnefndar FAO fjallar um strauma og stefnur í nýtingarmálum lifandi auðlinda hafsins frá eigin sjónarhóli. Magn af botnfiski í heiminum hefur aukist og verður fjallað um þau áhrif á framleiðslu og sölu hans. Sömuleiðis verður fjallað um framboð, framleiðslu og sölu á uppsjávartegundum í heiminum. Framúrstefnuverðlaunin verða veitt í fjórða sinn en markmið þeirra er að vera hvatning til nýsköpunar í greininni.



Umsjónarmaður málstofu:
Erla Kristinsdóttir
ráðgjafi



Sigurður Ingi Jóhannsson
Sjávarútvegsráðherra

## Ávarp sjávarútvegsráðherra,

Maður nokkur að nafni *Fiedler*, titlaður amtsráð, reit grein í Fjölni sem nefnist; *Nokkrar athugasemdir um fiskverkun á Íslandi.*

Hann var sagður hafa ferðast víða og *grannkynnt* sér allt sem viðvíkur fiskverkun. Niðurstaða hans var sú að Íslendingar væru eftirbátar annarra þjóða þegar kæmi að fiskverkun og mikið vantaði upp á, að þeir gerðu sér þau verðmæti úr fiski sem hægt væri. Síðan þetta var skrifað eru liðin 170 ár.

Sjávarútvegur í heild sinni er dæmi um vettvang þar sem Íslendingar hafa sannarlega náð í fremstu röð í heiminum; sama hvaða mælikvarði er notaður. Reynsla okkar og sjálfsbjargarviðleitni hefur reynst okkur vel og mun svo verða áfram. Við höfum lært af reynslunni og gert það vel. Íslensk fyrirtæki, ekki bara í veiðum og vinnslu, eru í forystu á heimsvísu á sínu sviði. Vinnsla svo kallaðra aukaafurða hefur tekið stórstígum framförum og áhugi unga fólksins á námi sem tengist sjávarútvegi er að aukast. Enda tækifærin óþrjótandi, sérstaklega á tímum þegar matarverð á heimsvísu er að hækka og gangi spár eftir mun sú þróun halda áfram. Og sem matvælaframleiðsluland á Ísland mikla möguleika til sjávar og sveita.

Fiedler amtsráð segir í áður nefndri grein að: „ *Kvennfólkið er vant að þvo fiskinn á Íslandi, og hef jeg optast sjeð þær gjöra það í pollum í fjörunni; ... en hætt er við því að fiskurinn hafi ekki ætíð ábata af því.*“

Það var þá. Störf kvenna í sjávarútvegi byggjast ekki lengur á þvottinum einum saman. Á vef kvenna í sjávarútvegi segir: Í sjávarútvegi eru fjölbreytt tækifæri fyrir konur, hvort sem það er í framleiðslu, hugbúnaðargerð, veiðum, markaðstarfi, vísindum eða hvers kyns nýsköpun. Undir þetta skal tekið og við bætt; tækifærin eru allra, karla og kvenna.

Það var ekki fyrr en ég fór að kynna mér sjávarútveg út í hörgul, að mér varð ljóst hversu kraftmikill þessi atvinnuvegur er. Og ég vona að sjónir landsmanna séu að opnast fyrir því hversu gríðarlegir möguleikar felast í þessari undirstöðu atvinnugrein þjóðarinnar.

Á ráðstefnu Sjávarklasans í nóvember í fyrra, var yfirskriftin; Tveir fyrir einn og vísað til þess að hægt væri að tvöfalda verðmæti hvers þorsks sem veiðist hér við land. Þetta væri ekki óskhyggja, heldur tækifæri til að skapa spennandi atvinnumöguleika fyrir ungt fólk og mikil verðmæti. Undir það skal tekið.

Við Íslendingar erum sjávarbændur. Og eins og Fiedler amtsráð sagði forðum, er lífsstofn sjávarbóndans aflinn og „...þá virðist það auðsætt, að honum ríði mjög mikið á, að gjöra sjer þessa atvinnu svo notasæla og arðsama sem auðið er.“

Að því er unnið.



Jóhán H. Williams, specialist director at Norwegian Ministry of Trade, Industry and Fisheries

## Fish: For Whales – Food for People? Food for Thought!

Fish: For Whales – Food for People? Food for Thought!

Is fish food ? It can seem like a meaningless question. But if we look at the global picture fish have never been an issue when United Nations strategies for global food security were drafted. Four years ago the UN Committee for Food Security (CFS) for 3 days discussed how to meet the emerging global food deficit with a steadily growing world population. Fish was not on the plate at all. Something had to be done, so initiatives were taken and pressure put on, with the result that in the Rio+20 declaration "The Future We Want", fish for the first time was given a global recognition in one paragraph (§113): "We also stress the crucial role of healthy marine ecosystems, sustainable fisheries, and sustainable aquaculture for food security and nutrition, and in providing for the livelihoods of millions of people". This recognition is important for fisheries nations and everyone in the business. And following Rio fish for the first time this year has been given focus in the CFS and the importance of fish in diets due to its unique nutritional values are recognized at last. When in addition the contribution of food from fishing and aquaculture has much lower greenhouse gas emissions than meat: Eureka. Fish is the answer and Blue Growth is the future.

At the UN ICP-meeting this year ("United Nations Open-ended Informal Consultative Process on Oceans and Law of the Sea"), however, where fish as food again for first time was the focus topic, some participants were more concerned about if the whales had enough fish to eat rather than to meet the nutrition deficit and lack of food for some 900 million people around the world. It is a long and winding road.



Kristján Hjaltason, VS Sales and marketing Ocean Trawlers Europe

## Íslenskur sjávarútvegur, heimsafli og sóknarfæri utan íslenskrar lögsögu

Farið verður yfir afla, eldi og innflutning íslensks sjávarútvegs og horfur á komandi ári. Ráðstöfun hráefnis af botnfiskum verður skoðuð og útflutningur sjávarafurða greindur eftir afurðum og mörkuðum og mikilvægustu breytingum lýst. Spurt verður hvort verið sé að ná meiri tekjum úr hverju kílói sem er til ráðstöfunar. Tölur um heimsafla og eldi verða greindar og hlutdeild Íslands skoðað. Veiði úr deilistofnum hefur gegnt mikilvægu hlutverki fyrir sjávarútveginn og verður hlutdeild þeirra í afla skoðaður. Margar íslenskar útgerðir hafa fjárfest erlendis og stunda útgerð á mörgum miðum í Atlantshafinu, skoðað verður hvort frekari sóknarfæri séu utan íslenskrar lögsögu.



Hermann Stefánsson Framkvæmdastjóri Iceland Pelagic

## Framboð, framleiðsla og sala á uppsjávarfiski

Farið verður yfir framboð og sölu á helstu uppsjávartegundum, okkar helstu markaði og áhrifaþætti. Áhrif átakanna í Úkraínu á markað fyrir uppsjávarfisk verða rædd. Eru tækifæri eða ógnanir í viðskiptabanni Rússa á Norðmenn og ESB? Hvaða áhrif hefði viðskiptabann Rússa á íslenskan sjávarútveg? Nýtilkomnir innflutningskvótar í Nígeríu, önnur Afríkulönd og óplægður akur í Kína verða einnig til umræðu.



Hjálmar Sigþórsson Framkvæmdastjóri fyrirtækjaþjónustu hjá Tryggingarmiðstöðinni

## Afhending framúrstefnuverðlauna,

Kynnt verður niðurstaða dómnefndar um val framúrstefnuhugmynda. Veitt verða verðlaun sem nefnast Svifaldan og eru verðlaunin gefin af Tryggingamiðstöðinni sem er einn af helstu bakhjörlum Sjávarútvegsráðstefnunnar. Framúrstefnuverðlaununum er ætlað að vera hvatning til að efla samstarf og nýsköpun til að styðja við ímynd Íslands og arðsemi íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og tengdra greina

# Eitt, tvö eða fleiri fiskveiðistjórnakerfi?

## Málstofa A1

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
|---|---|---|
| Gullteigur | Fimmtudagur | 13:00-14:45 |



Málstofustjóri:
Helga Sigurrós Valgeirsdóttir
Aðstoðarmaður sjávarútvegsráðsherra

Í grunninn er íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið einfalt og auðskiljanlegt. Það er mestmegnis byggt á framseljanlegum kvótum. Þótt fiskstofnarnir séu sameign þjóðarinnar þá er deilt er um eignarhaldið á veiðiheimildunum og hvers eðlis kvótaeignin er. Í áranna rás hafa verið gerðar ýmsar breytingar á þessu kerfi, sem hafa orðið til þess að gera það æ flóknara og að margra dómi ótryggara og óréttlátara. Margir telja að kominn sé tími til þess að einfalda kerfið og færa nær upprunanum þannig að tryggt sé að veiðiréttarhafarnir viti að hverju þeir gangi og að kerfið sé ekki sem laufblað í þeim pólitísku vindum sem blása hverju sinni. Í þessu sambandi má nefna byggðakvóta, framsalsreglur, ívilnanir, litla kerfi/stóra kerfi, strandveiðar o.s.frv. Fjallað verður um það með hvaða hætti megi einfalda fiskveiðistjórnunarkerfið í landinu og gera það skilvirkara.



Umsjónamaður málstofu:
Grímur Valdimarsson
Ráðgjafi
Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti



Hörður Sævaldason
Aðjúnkt
Háskólinn á Akureyri

### Yfirlit yfir fiskveiðistjórnakerfi

Með auknu tæknistigi og öflugri skipum á seinni hluta síðustu aldar jókst afkastageta íslenska fiskiskipaflotans til muna. Fiskveiðum varð því að stjórna á einhvern máta til að koma í veg fyrir ofnýtingu fiskistofna. Farið verður yfir sögulega þróun og helstu aðferðir sem beitt hefur verið til fiskveiðistjórnunar við Ísland. Frá frjálsum veiðum í stækkandi landhelgi til sóknarstjórnunar og síðar núverandi aflamarkskerfis.



Halldór Ármannsson
Formaður Landssambands smábátaeigenda

### Frjálsar veiðar fyrir smábáta?

Fiskveiðar smábáta hafa verið með takmörkunum varðandi stærð báta, hvaða veiðarfæri eru notuð, í hvaða magni og hve margir í áhöfn. Veiðum er stýrt með pottum, tímabilum, dögum, klukkustundum og jafnvel hámarksaflamagni hvern dag.
Stjórnun veiða úr takmarkaðri auðlind hefur leitt til betri aflameðferðar og aukinnar verðmætasköpunar. Spurningin um eitt, tvö eða fleiri fiskveiðistjórnarkerfi er því alveg réttmæt.



Jakob Valgeir Flosason
Samtök smærri útgerða

### Sameining kerfa?

Í smábátakerfinu búa menn enn við það að ráða ekki hvernig þeir veiða sinn kvóta. Þeir ráða ekki stærð bátanna sinna og ekki hvernig veiðarfæri eru notuð. Stjórnvaldsákvarðanir m.a. aukin skattheimta eru þannig að aukinnar hagræðingar er þörf í smábátakerfinu en möguleikar til hagræðingar eru sáralitlir við óbreyttar aðstæður. Það er því tímabært að auka frelsi útgerða með sameiningu kerfa. Sjávarútvegurinn á Íslandi verður sterkari sem ein heild.



Ragnar Árnason
Prófessor
Háskóli Ísland

### Samanburður valkosta

Farið yfir kosti og ókosti ýmissa fiskveiðistjórnarkerfa í ljósi alþjóðlegrar reynslu síðustu áratuga. Hvernig hefur þróunin verið og hvað getum við lært af öðrum og hvað geta aðrir lært af okkur?

Deloitte.

# Uppspretta tækifæra

www.deloitte.is



# Málstofa B1

| **Ráðstefnusalur:** | **Dagur:** | **Tímasetning:** |
|---|---|---|
| **Hvammur** | **Fimmtudagur** | **13:00-14:45** |



Málstofustjóri:
Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson
Framkvæmdastjóri
Vinnslustöðin

Mikil gróska hefur verið í framleiðslu á uppsjávarfiski á Íslandi. Á 15 ára tímabili hefur verðmæti uppsjávarfisks aukist úr 12,5 milljörðum króna í 82 milljarða króna árið 2013. Þessi mikli vöxtur uppsjávarfisks hefur orðið til þess að hlutdeild hans í heildarútflutningi sjávarafurða hefur aukist úr því að vera 13% í 30% á síðasta ári.
Markmið málstofu er að greina hvaða þættir það eru sem hafa aðallega drifið þessa þróun áfram og hvað er framundan í þessari spennandi grein sjávarútvegsins.



Umsjónamaður málstofu:
Guðbrandur Sigurðsson
Framkvæmdastjóri
PwC



Teitur Gylfason
Fisksali
Íslenskar sjávarafurðir

### Þróun á veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski í aldarfjórðung

Sögulegt yfirlit á veiðum og vinnslu til manneldis 1990-2014. Fjallað verður um hvernig viðhorf til vinnslu á uppsjávarfiski til manneldis breyttist á tíunda áratug síðust aldar. Breytingar á veiðum, vinnslu og samruna fyrirtækja á þessarri öld.
Hver er framtíðin?



Jens Garðar Helgason
Framkvæmdastjóri
Fiskimið

### Staða og horfur á markaði fyrir lýsi, fiskimjöl og önnur íblöndunarefni sem eru unnin úr uppsjávarfiski

Kynning á mjöl og lýsismarkaðnum – vægi Íslands á heimsmarkaðnum. Hverjir eru okkar helstu kaupendur í dag og eru möguleikar á að auka verðmæti fiskimjöls og lýsis í framtíðinni.



Ingólfur Árnason
Framkvæmdastjóri
Skaginn

### Manneldisvinnsla á uppsjávarfiski – yfirlit um þá ótrúlegu þróun og tæknibreytingar

Manneldisvinnsla á uppsjávarfiski – yfirlit um þá ótrúlegu þróun og tæknibreytingar sem hafa gert manneldisvinnslu mögulega í þeim skala sem við þekkjum í dag. Skaginn á Akranesi hefur þróað og selt afkastamestu lausnir á þessu sviði á borð við Varðinn í Færeyjum. Greint verður frá þeirri þróun sem orðið hefur í uppsjávarvinnslu og hvert stefnir á næstunni..



Hjörtur Emilsson
Framkvæmdastjóri
Navis

### Aukin áhersla á ferskleika, meðhöndlun aflans og vinnslu úti á sjó hefur kallað á ný viðmið í hönnun uppsjávarskipa

Uppsjávarskip hafa verið að þróast hratt á undanförnum árum. Miklar kröfur eru gerðar til skipanna fyrir ólíkar veiðar og vinnsla á sjó kallar á sérlausnir sem ekki hafa sést áður. Í þessum fyrirlestri verður fjallað um uppsjávarskip og rætt hvað það er sem gerir uppsjávarvinnslu úti á sjó að spennandi valkosti fyrir suma

tm.is/sjavarutvegur

# Eru þínar tryggingar í höfn?

## Hvað sem verður...

Við vitum að rétt tryggingavernd skiptir sköpum í rekstri. Þess vegna eigum við náið samstarf við stjórnendur og eigendur fyrirtækja. Hvort sem þú ert sjálfstætt starfandi eða ert í umfangsmeiri rekstri, þá finnum við lausnir saman.

Hjá **fyrirtækjaþjónustu TM** starfar sérstakt sjávarútvegsteymi sem hefur yfirburðaþekkingu á sjávarútvegi og sérstökum þörfum hans á sviði vátrygginga.

**Komdu í hóp ánægðra viðskiptavina TM.**

**Tryggingamiðstöðin** Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is **tm.is**

# Eru fjárfestingartækifæri í sjávarútvegi?

## Málstofa A2

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
|---|---|---|
| Gullteigur | Fimmtudagur | 15:15-17:00 |



Málstofustjóri:
Birna Einarsdóttir
Bankastjóri Íslandsbanka

Á síðasta áratug síðustu aldar var algengt að sjávarútvegsfyrirtæki væru skráð í Kauphöll Íslands og voru þau þegar best lét 20 talsins árið 1999. Í kjölfarið fækkað þeim jafnt og þétt og að lokum var einungis eitt íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki á markaði sem var HB Grandi og var það skráð á tilboðsmarkaði First North en var nýlega skráð á aðalmarkað Kauphallar Íslands. Áhugi fjárfesta hefur farið vaxandi á fjárfestingum í sjávarútvegi og er því áhugavert að heyra hvort að fjárfestingartækifæri séu í íslenskum sjávarútvegi fyrir innlenda og erlenda fjárfesta. Sjávarútvegs- og fiskeldisfyrirtæki hafa verið skráð á markaði erlendis með góðum árangri. Ein fárra erlendra fjárfestinga á Íslandi eftir hrun er einmitt erlend fjárfesting í fiskeldi sem nýtir sér jarðvarma á Reykjanesi. Geta íslensk fyrirtæki lært af reynslu erlendra sjávarútvegs- og fiskeldisfyrirtækja sem hafa verið skráð í kauphöllum erlendis?



Umsjónamaður málstofu:
Guðbrandur Sigurðsson
Framkvæmdastjóri PwC



Rúnar Jónsson
Forstöðumaður sjávarútvegsteymis Íslandsbanka

### Yfirlit um íslenskan sjávarútveg – eru tækifæri til fjárfestingar og í hverju verða þau tækifæri fólgin til framtíðar?

Hversu góður fjárfestingakostur er íslenskur sjávarútvegur og hversu aðgengileg er greinin fyrir fjárfesta? Arðsemi í sjávarútvegi skoðuð í sögulegu samhengi og lagt mat á það hvar tækifærin liggja fyrir fjárfesta.



Kjartan Ólafsson
Framkvæmdastjóri Markó Partners

### Yfirlit um það sem er að gerast erlendis

Hvers konar fyrirtæki eru það sem eru að fara á markað og hvernig eru þau í samanburði við Íslensk fyrirtæki. Getum við lært af þróuninni erlendis.



Ægir Páll Friðbertsson
Ráðgjafi

### Hvað er það sem fjárfestar sjá í sjávarútvegi?

Er líklegt að fjárfestar og fjárfestingarsjóðir muni fjárfesta í sjávarútvegi á næstunni. Hvernig er líklegt að sú aðkoma sjóðanna verði og má gera ráð fyrir að fleiri sjávarútvegsfyrirtæki verði skráð á markað.



Kolbrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri Kjölfestu

### Fjárfestingar í óskráðum sjávarútvegsfélögum,

Kjölfesta hefur það markmið að fjárfesta í meðalstórum og smærri fyrirtækjum á Íslandi. Í mars sl. fjárfesti Kjölfesta í Odda á Patreksfirði. Í erindinu verður fjallað um fjárfestingar í óskráðum félögum og sjónum beint sérstaklega að möguleikum til fjárfestinga í sjávarútvegi. Eru tækifæri fyrir sjóði til þess að fjárfesta í sjávarútvegi? Hverjar eru helstu áskoranir við fjárfestingar í óskráðum félögum og hvaða væntingar hafa hagsmunaaðilar

# Þarftu stundum hjálp?

Öll stöndum við frammi fyrir flóknum viðfangsefnum sem gott væri að fá aðstoð við að leysa. Hjá PwC hefur þú aðgang að sérfræðingum sem aðstoða þig við að auka verðmæti þíns rekstrar.

## Hvað vantar þig?

| | | |
|---|---|---|
| *Sérfræðing í kaupum og sölu fyrirtækja* | *Löggiltan endurskoðanda* | *Snilling í ársreikningum og reiknisskilum* |
| *Lögfræðing sem veit allt um félagarétt* | *Ráðgjafa í mannauðsmálum* | *Fagmann með markaðsmálin á hreinu* |
| *Bókara sem er á staðnum fyrir hádegi* | *Sérfræðing með þekkingu á olíuvinnslu* | *Launa og kjararáðgjöf* |

pwc

pwc.is

# Málstofa B2

| **Ráðstefnusalur:** | **Dagur:** | **Tímasetning:** |
|---|---|---|
| **Hvammur** | **Fimmtudagur** | **15:15-17:00** |



Málstofustjóri:
Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir
Framkvæmdastjóri
Svinna verkfræði ehf.

Í málstofunni verður fjallað um tækifæri byggt á nýtingu annarra þjóða á tegundum sem ekki eru nýttar til manneldis hér á landi en þar má sem dæmi nefna smokkfisk, krossfiska og ýmsar tegundir skelja og hryggleysingja jafnt sem fisktegundir. Fyrirtæki segja frá nýsköpunartækifærum og verðmætasköpun úr hliðarafurðum hefðbundinnar vinnslu sjávarfangs. Í málstofunni verður einnig fjallað um möguleika á fjármögnun rannsókna og nýsköpunar í sjávarútvegi og tækifæri því tengt.



Umsjónamaður málstofu:
Rannveig Björnsdóttir
Dósent við Háskólann á Akureyri og fagstjóri hjá Matís



Guðrún Þórarinsdóttir
Sjávarlíffræðingur
Hafrannsóknastofnun

## Vannýttar tegundir

Ýmsar tegundir sjávarlífvera sem finnast hér við land og eru lítt eða ekki nýttar, eru eftirsótt matvara erlendis. Í flestum tilfellum er lítið sem ekkert vitað um útbreiðslu þeirra eða magn hér við land. Má þar nefna ýmsar skeljategundir eins og sandskel, báruskel, hjartaskel, krókskel, krabbategundir eins og trjónukrabba, bogkrabba og grjótkrabba og ýmsar tegundir þörunga. Æskilegt væri að efla rannsóknir á magni, útbreiðslu og vexti þessara tegunda hér við land.



Erla Pétursdóttir
Framkvæmdastjóri
Codland ehf.

## Verðmætasköpun úr hliðarafurðum - Möguleikar og framtíðarsýn

Fjallað verður um verðmætasköpun úr hliðarafurðum í bolfiski hjá Codland. Sérstök áhersla verður lögð á mikilvægi samstarfs bæði hvað varðar öflun hráefnis og markaðssetningu afurða. Einnig verður í erindinu undirstrikuð þörf á rannsóknum og þróun, ekki síst markaðsþekkingu.



Héléne L Lauzon
Framkvæmdastjóri vöruþróunar
Primex ehf.

## Náttúrulegar trefjar úr sjávarkistu við Íslandsstrendur

Primex ehf er líftæknifyrirtæki sem framleiðir hágæða ChitoClear kítósan úr rækjuskel með mismunandi eiginleika fyrir fæðubótar-, lækningatækja-, lyfja- og snyrtivörumarkaðinn. Þróun tengdra afurða á erlendum markaði hefur sannað notagildi kítósans í mismunandi notkunarmöguleikum. Farið verður yfir þróun og rannsóknir hjá Primex á síðustu árum ásamt möguleikum til frekari vöruþróunar fyrir bæði innlenda og erlenda markaði.



Sigríður Gísladóttir
Framkvæmdastjóri
Víur ehf.

## Skordýr sem próteingjafi í fiskeldi

Vaxandi fiskeldi kallar á aukið framboð á fóðri, sem æ meir skal vera sjálfbært og vistvænt. Verð á fóðurpróteini fer hækkandi og hefur framleiðsla þess víðtæk áhrif á umhverfið. Ræktun fóðurskordýra er leið að því að minnka umhverfisáhrif bæði við fiskvinnslu og fiskeldi. Víur ehf. hyggjast nýta lífrænar aukaafurðir til að framleiða svörtu hermannafluguna á Vestfjörðum, og slást þar með í hóp með frumkvöðlum í Evrópu, Ameríku og Afríku sem vilja bæta heiminn með því að nýta skordýr.



Oddur Már Gunnarsson
Sviðsstjóri
Viðskiptaþróunarsviðs
Matís ohf.

**Sjóðir, tækifæri og hvatning til rannsókna og nýsköpunar í sjávarútvegi**

Í erindinu verður fjallað um opinbert stuðnings og hvatakerfi til rannsókna og nýsköpunar. Farið yfir helstu sjóði, íslenska, norræna og evrópska, sem koma að fjármögnun rannsókna og nýsköpunar sem Íslendingar hafa aðgang að. Hvar upplýsingar er að finna um þessa sjóði. Hvaða kröfur eru gerðar til umsækjenda og verkefna. Greint verður frá reynslu Matís af stuðningskerfinu.

markó
fish

markofish.com

Þekktu markaðinn

# Sjávarútvegur og menntun

## Málstofa A3



Málstofustjóri:
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Forstöðumaður mennta- og nýsköpunarsviðs Samtaka atvinnulífsins

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
|---|---|---|
| Gullteigur | Föstudagur | 09:00-10:50 |

Mikilvægi menntunar er flestum ljóst og á það ekki hvað síst við um þá mikilvægu atvinnu- og útflutningsgrein þjóðarinnar sem sjávarútvegurinn er. Í málstofunni verður kynnt hvernig menntun í sjávarútvegsfræðum á háskólastigi er háttað í alþjóðlegu samhengi og sagt frá stöðu mála varðandi fræðslu um sjávarútveg í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi. Fjallað verður um helstu breytingar sem eru að verða í hafinu við Ísland og mikilvægi menntunar framtíðar starfskrafta sjávarútvegsfyrirtækja í umhverfismálum og umhverfisvitund.



Umsjónamaður málstofu:
Rannveig Björnsdóttir
Dósent við Háskólann á Akureyri og fagstjóri hjá Matís



Gunnar Knapp
Director and Professor of Economics Institute of Social and Economic Research University of Alaska Anchorage

### University Fisheries and Fishing Industry Programs: An International Review of Approaches and Experience

In 2012 I conducted a review of university fisheries programs in selected countries, including the United States, Canada, Iceland, Norway, the United Kingdom, Australia, and New Zealand. A specific purpose of the review was to learn about the extent to which these programs were successful in educating students not only for careers in fisheries management but also the fishing industry, by providing training in subjects such as economics, marketing, and processing technology. Experience at the programs I reviewed suggested that creating university fisheries programs which successfully attract students and prepare them for fishing industry careers is challenging but can be done



Hrönn Egilsdóttir
doktorsnemi við Háskóla Íslands

### Breytingar í hafinu við Ísland: horfur og hagsmunir

Hagsmunir íslensks sjávarútvegs felast í heilbrigðu hafi sem stendur undir fjölbreyttu og frjósömu vistkerfi. Athafnir mannsins eru að valda breytingum í hafinu og eru birtingarmyndir þessara breytinga margþættar. Í erindinu verður fjallað um helstu breytingar sem eru að verða í hafinu við Ísland og stiklað á stóru um mögulegar afleiðingar fyrir lífríkið.



Kolbeinn Árnason,
Framkvæmdastjóri Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

### Umhverfisvitund og menntun í sjávarútvegi

Umhverfismál snerta okkur öll. Við lifum á því að nýta auðlindir, með því að sýna ábyrgð í umhverfismálum og ganga vel um hafið fáum við verðmætari vöru og stuðlum við að langlífi fyrirtækja. Reynsla þeirra sem starfa í sjávarútvegi hefur einnig verið sú að aðgerðir í umhverfismálum leiða yfirleitt til meiri hagkvæmni. Við höfum séð mögnuð dæmi nú þegar en með því að tengja umhverfisvitund og langtímasjónarmið markvisst inn í nám þeirra sem hyggjast starfa við sjávarútveg getum við gert enn betur.



Hreiðar Þór Valtýsson
Forstöðumaður / lektor Sjávarútvegsmiðstöðin við Háskólann á Akureyri

### Fræðsla um sjávarútveg í grunn- og framhaldsskólum

Fyrir um 10 árum gekk mjög illa að fá nýja nemendur í sjávarútvegsfræðinámið við Háskólann á Akureyri. Með stuðningi Menntamálaráðuneytisins og LÍÚ var því ráðist í það verkefni að efla námið, meðal annars með viðamikilli könnun á viðhorfi framhaldsskólanema til sjávarútvegs. Í erindinu verður fjallað um niðurstöður þeirrar könnunar og hvað hefur verið gert á síðustu árum til að efla sjávarútvegsfræðitengda menntun í grunn- og framhaldsskólum landsins.




www.ResponsibleFisheries.is

# Nýsköpun í kæli- og frystitækni



Málstofustjóri:
Sæmundur Elíasson
Doktorsnemi við Háskóla Íslands og sérfræðingur hjá Matís

## Málstofa B3

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
|---|---|---|
| Hvammur | Föstudagur | 9:00-10:50 |

Lengi býr að fyrstu gerð. Kæling og frysting eru mikilvægar varðveisluaðferðir til að halda ferskleika hráefnis allt frá veiðum til markaðar. Ísland er langt frá helstu markaðslöndum og því kæling mikilvægari en í mörgum samkeppnislöndum. Gefið verður yfirlit yfir nýsköpun og rannsóknir á kælimiðlum og aðferðum til kælingar og frystingar bæði fyrir bolfisk og uppsjávarfisk, hráefni og afurðir.



Umsjónamaður málstofu:
Bylgja Hauksdóttir
Útibústjóri North Coast Seafoods á Íslandi



Þorsteinn Ingi Víglundsson
Framkvæmdastjóri
Thor Ice

### Ofurkæling á heilum fiski og flökum

Til þess að tryggja rétta kælingu á fiski og kjúklingi hefur Thor Ice unnið að rannsóknum, m.a. með Matís, innlendum og erlendum útgerðum og vinnslum. Ein aðferð sem hefur verið rannsökuð er ofurkæling á heilum fiski og flökum. Fyrirtækið hefur þróað aðferðir til þess að stýra notkun á kælimiðlinum og beita honum á réttan hátt.



Björn Margeirsson
Rannsóknarstjóri
Promens

### Fersk flök flutt í kerum eða kössum?

Almennt eru frauðkassar notaðir við flutning á ferskum flökum og flakabitum í gámum. Annar möguleiki er að nota ker með ískrapa sem kælimiðil. Í erindinu verður gefinn samanburður með flutningi á þessum tveimur aðferðum m.t.t. hitastýringar, gæða og kostnaðar.



Sigurjón Arason
Yfirverkfræðingur hjá Matís og Prófessor við Háskóla Íslands

### Kæling uppsjávarfisks fyrir vinnslu

Farið verður yfir áhrif mismunandi kæliaðferða á hitastýringu, vinnslueiginleika og gæði uppsjávarfisks. Gerð verður grein fyrir mismunandi kæliaðferðum fyrir allar stærðir fiskiskipa og hverjar þeirra henta best í hverju tilviki. Kæling uppsjávarfisks strax eftir veiði hefur skipt miklu máli fyrir þróun vinnslu uppsjávarfisks og verið ein af skýringum á því hve okkur hefur tekist vel til við vinnslu til manneldis.



Magnea G. Karlsdóttir
Fagstjóri hjá Matís

### Gæði og stöðugleiki frystra makrílafurða – áhrif frystiaðferða og geymslu

Undanfarin misseri hafa verið stundaðar viðamiklar rannsóknir á frosnum makrílafurðum. Farið verður yfir áhrif mismunandi frystitækni, geymsluhita og flutnings á stöðugleika og gæði frosinna makrílafurða.



Sigurður Bergsson
Tæknistjóri hjá Kælismiðjunni Frost

### Kælimiðlar framtíðarinnar, umhverfismál og hagkvæmni

Sögulegt ágrip kælimiðla á Íslandi fram til dagsins í dag. Núverandi staða, takmarkanir og möguleikar í framtíðinni. Undanfarin ár hefur farið fram töluverð endurnýjun á kæli- og frystibúnaði vegna umhverfistakmarkana. Fyrir liggja enn frekari takmarkanir sem munu hafa áhrif á fjárfestingar og viðhald á komandi árum.

# Að sjá verðmæti…

þar sem aðrir sjá þau ekki er einn dýrmætasti hæfileiki sem fólk býr yfir. Okkar hlutverk er að auðvelda þeim sem hafa þennan hæfileika að þroska og framkvæma hugmyndir sínar, samfélaginu öllu til hagsbóta.





Matís er öflugt þekkingarfyrirtæki sem sinnir fjölbreyttu rannsókna-, þjónustu- og nýsköpunarstarfi í matvæla- og líftækniiðnaði // www.matis.is

matís

# Hvað er sanngjarnt auðlindagjald?

## Málstofa A4

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
| --- | --- | --- |
| Gullteigur | Föstudagur | 10:20-13:10 |



Málstofustjóri:
Gísli Gíslason
Framkvæmdastjóri
MSC á Íslandi

Fiskstofnar eru takmörkuð auðlind og á árinu 1984 var því komið á aflamarkskerfi við stjórn fiskveiða og árið 1990 tóku í gildi lög þar sem gefin var heimild að versla með aflaheimildir. Þessar ráðstafanir voru til að koma í veg fyrir ofveiði og að greinin gæti hagrætt. Ísland er í fremstu röð í heiminum í veiðum og vinnslu. Samfara þessari þróun kom krafa um að sjávarútvegurinn skyldi greiða auðlindagjald til þjóðarinnar fyrir aðgang að takmarkaðri auðlind. Í dag er trúlega almenn sátt um að sjávarútvegurinn greiði auðlindagjald, en álitamál hvernig skuli reikna gjaldið. Í þessari málsstofu verður leitast við að svara spurningunni, „Hvað er sanngjarnt auðlindagjald ?"



Umsjónamaður
málstofu:
Gísli Gíslason
Framkvæmdastjóri
MSC á Íslandi



Daði Már Kristófersson
Forseti félagsvísinda-
deildar Háskóli Íslands

### Fræðilegar forsendur auðlindagjalds

Í erindinu verður fjallað um fræðilegar forsendur álagningar auðlindagjalds, og skýrt hvers vegna margar alþjóðastofnanir tala fyrir aukinni áherslu á skattlagningu umframhagnaðar sem getur orðið til í nýtingu takmarkaðra auðlinda. Einnig verður fjallað um vandamál sem upp koma í tengslum við álagningu slíkra gjalda.



Sigurður Steinn Einarsson
Síldarvinnslan hf.

### Auðlindagjald hjá öðrum fiskveiðiþjóðum

Í erindinu verður fjallað um álagningu auðlindagjalds í Færeyjum, Grænlandi, Nýfundnalandi, Nýja Sjálandi og Chile. Aðferðafræðin sem notuð er við álagninguna í þessum löndum er borin saman við aðferðafræðina á Íslandi, ásamt því að fara yfir umræðuna í þeim samfélögum sem höfundur ber saman við Ísland.



Friðrik Mar
Guðmundsson
Framkvæmdastjóri
Loðnuvinnslan

### Sanngjarnt veiðileyfagjald út frá sjónarmiði útgerðarinnar,

Höfundur er framkvæmdarstjóri Loðnuvinnslunnar sem er bæði í vinnslu á bolfiski og uppsjávarvinnslu en að auki er fyrirtækið í eigu heimamanna. Höfundur mun fjalla um hvað sé sanngjarnt auðlindagjald útfrá sjónarmiði sjávarútvegsins.



Steingrímur J. Sigfússon
Alþingismaður og
fyrrverandi ráðherra

### Sanngjarnt auðlindagjald gagnvart hverjum ?

Höfundur fjallar um hvað hann telur eðlilega og sanngjarna upphæð auðlindagjalds á hverjum tíma sem er háð mörgum ytri og innri þáttum. Hann fjallar um þetta bæði út frá hugmyndafræðinni á bak við auðlindagjald (rentu) og sanngjarnri hlutdeild þjóðarinnar í arði sem sprettur af nýtingu takmarkaðrar, sameiginlegrar auðlindar. En, einnig hvað sé raunhæf útfærsla þar á meðal í upphæðum talið á hverjum tíma.

30 years sæplast

# Kerin keppast við að búa til verðmæti

Þó svo Sæplastskerin standi kyrr, þæg og góð eru þau engu að síður í fullri vinnu daga og nætur við að hámarka verðmæti sjávarfangs



Þorski breytt í bacalao







Frá hrognum í kavíar







Síldin verður að lúxusvöru





PROMENS

PROMENS DALVÍK • GUNNARSBRAUT 12 • 620 DALVÍK • SÍMI 460 5000 • www.promens.com/saeplast

# Vinnsla á sjó eða vinnsla í landi?

## Málstofa B4

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
|---|---|---|
| Hvammur | Föstudagur | 11:20-13:10 |



Málstofustjóri:
Karen Kjartansdóttir
Upplýsingafulltrúi
Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Frystitogaravæðing Íslendinga hófst 1982 með fyrsta frystitogaranum Örvari. Fjöldi frystitogara jókst jafnt og þétt og árið 1998 voru 90 skip á Íslandi með vinnsluleyfi. Á síðustu árum hefur þessi þróun snúist við og sú vinnsla á þorski og ýsu sem átt hafði sé stað úti á sjó hefur að stórum hluta flutts á ný til fiskvinnslustöðva í landi. Fjallað verður um þessa sögu frystitogaranna og leitast við að varpa ljósi á hvaða þættir hafi haft áhrif á breytingarnar, þættir eins og sölumöguleikar afurða, kjarasamningar sjómanna, lög og reglur hins opinberra.



Umsjónamaður málstofu:
Erla Kristinsdóttir
ráðgjafi



Eiríkur Dagbjartsson
Útgerðarstjóri
Þorbirni

### Yfirlitserindi um þróun vinnslu á sjó og þeim valkostum sem útgerðir hafa staðið frammi fyrir

Sögð er saga sjófrystingar á Íslandi, hvernig hún hófst og af hverju hún var hagstæðari landvinnslu. Fjallað verðum um þá þætti sem mest áhrif hafa haft á þróunina síðustu ár, frá sjónarhóli útgerðarinnar.



Bjarki Vigfússon
Verkefnastjóri hjá
Íslenska sjávarklasanum

### Samkeppnihæfni á sjó og landi

Margt leggst nú á eitt við að knýja fram breytingar á vinnslusamsetningu bolfisks á Íslandi. Landvinnsla og útflutningur á ferskum afurðum færist í aukana en frystiskipum fækkar. Þessar breytingar má bæði skýra með breyttri samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs og breyttum framtíðaráherslum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Greint verður frá samanburði á samkeppnishæfni landvinnslu og sjóvinnslu út frá sjónarmiðum hagfræðinnar.



Árni Bjarnason
Formaður
Félags skipstjórnarmanna

### Erum við á réttri leið?

Hugleiðing um þær umfangsmiklu breytingar sem eru á döfinni varðandi samsetningu togaraflotans. Eru þessi umskipti farsæl fyrir sjávarútveginn og þá um leið þjóðfélagið þegar til lengri tíma er litið? Ástandið á miðunum. Er það viðvarandi eða tímabundið ? Er aðferðafræði í úthaldi ísfisktogara ásættanleg sé horft til mönnunar og vinnuálags. Hvað leggja menn til grundvallar þegar ákvörðun er tekin um að draga stórlega úr útgerð frystitogara og stórauka útgerð ísfisktogara. Gera útgerðarmenn t.d. ráð fyrir áframhaldandi tvöföldu verðmyndunarkerfi á ferskum fiski inn í framtíðina þar sem stórfyrirtækin verði svo sem verið hefur á sérstökum vildar-kjörum.



Sturlaugur Haraldsson
Vice President - Sales
Ocean Trawlers Europe

### Staða og horfur á markaði fyrir sjófrystar afurðir

Landslagið á markaði fyrir sjófrystar flakaafurðir úr N-Atlantshafi hefur tekið talsverðum breytingum á undanförnum árum. Farið verður yfir hvað hefur drifið þessar breytingar og skoðað hverjar horfurnar eru fyrir komandi ár. Skoðað verður hver verða áhrif minnkandi sjóvinnslu á Íslandi á markaðinn.




# SÍÐASTI SÖLUDAGUR

## KRAFA UM FERSKLEIKA ER MEGINÁSTÆÐA ÞESS AÐ VIÐ ERUM ALLTAF Á FLJÚGANDI FERÐ.

Tíminn skiptir höfuðmáli í fraktflutningi, hvort sem þú ert að flytja vörur inn til landsins eða koma afurðum á erlendan markað. Það hversu lengi varan er á leiðinni getur breytt hagnaði í tap og öfugt. Þá er gott að eiga samstarf við öflugt fyrirtæki á sviði flugfraktar til og frá Íslandi.

Á hverjum einasta degi þjónum við hjá Icelandair Cargo íslenskum inn- og útflytjendum til og frá Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.

Því tíminn flýgur

ICELANDAIR CARGO

# Markaðir til framtíðar



Málstofustjóri:
Alda Möller
Framkvæmdastjóri
Groundfish Forum
og eigandi ráðgjafafyrir-tækisins Einstaks

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
| --- | --- | --- |
| Gullteigur | Föstudagur | 13:40-15:20 |

Í þessari málstofu verður skoðuð þróun í neytendahegðun og hvaða tækifæri eru í kynningu á framleiðsluvörum með tengingu við uppruna og mögulega áskoranir í þeim efnum. Velt verður upp þeirri spurningu hvort smásalar sé tilbúnir að upprunamerkja allan fisk og hvort neytendur vilji slíkar upplýsingar. Skoðuð verður staða íslenskra sjávarafurða í þessu samhengi.



Umsjónamaður málstofu:
Bylgja Hauksdóttir
Útibústjóri
North Coasts
Seafood



Hólmfríður Harðardóttir
General Manager of FutureBrand North America

## Why Origin Matters

The term 'Made In' is enjoying a renaissance of importance and relevance across corporate brands and consumer goods brands. It is increasingly being championed across multiple categories of goods and services as being a key differentiator and ingredient in brand strategy and marketing communications. FutureBrand has been creating and measuring country brands for years, and by extension published the Made in Report in March 2014. Hólmfríður Harðardóttir will share key insights from the report and talk about why origin matters.



Guðný Káradóttir
Forstöðumaður sjávar-útvegs- og matvælasviðs hjá Íslandsstofu

## Stefnumörkun í markaðssamskiptum og ímynd íslenskra sjávarafurða

Til að stuðla að aukinni verðmætasköpun í sölu íslenskra sjávarafurða til framtíðar var lagt upp í það verkefni að marka stefnu (brand strategy) sem getur nýst öllum hagsmunaaðilum og orðið grunnur í sameiginlegri kynningu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum á erlendum mörkuðum. Íslandsstofa leiddi þá vinnu og var fyrirtækið Future Brand fengið til að vinna að verkefninu með virkri þátttöku aðila í greininni.
Leitað var svara við eftirfarandi spurningum: Hvað aðgreinir okkur í samkeppninni? Hverjir eru okkar styrkleikar? Fyrir hvað standa íslenskar sjávarafurðir? Hvaða sögu ætlum við að segja? Tilgangurinn er að leggja grunn að því að byggja upp sterka vitund og áhuga á íslenskum sjávarafurðum með skýrri tengingu við upprunalandið Ísland.



Rüdiger Buddruss
Head of Seafood at Switzerland's biggest retail chain, Migros

## Presentation from a high-end retail chain: branding of seafood products to end consumers

Presentation from a high-end retail chain: Branding and sustainability of seafood to end consumers Sustainability - how it works today, what we expect for the future. There are lot of opportunities but also traps!
Branding - there is much misconceptions concerning customer/consumer behavior and expectations. But who is he/she?
There are so many labels – but most „good conscience" organizations are fighting against each other – does that build trust and confidence?
Sustainability, branding - Who cares ?
Various Schizophrenias: We have to serve decision makers, we have to serve consumers; everybody wants to be careful with the natural resources and yet sell more! We want premium products and low footprints, but we freeze them twice!
There are no silver bullets, but interesting trends and possibilities!



Jens Garðar Helgason,
Formaður
Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

## Lokaávarp


Deloitte.
Þeir fiska
sem róa
www.deloitte.is

# Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2013 fengu þrjár hugmyndir sérstaka viðurkenningu en þær eru:

1. **Fiskvali:** Hann skannar inn og flokkar frá óæskilegan fisk úr botnvörpu á veiðidýpi, þannig sleppur fiskurinn lifandi og eykur sjálfbærni botnvörpuveiða. *Tengiliður: Sigmar Guðbjörnsson*
2. **Marsýn, upplýsingakerfi fyrir sæfarendur:** Upplýsingakerfi fyrir sæfarendur sem spáir fyrir um ástand sjávar, svo sem ölduhæð, hitastig, strauma, lagskiptingu og útbreiðslu fiskstofna. Upplýsingar um umhverfisþætti sjávar geta bæði flýtt fyrir og sparað tíma/olíu með því að auðvelda val á veiðislóð þar sem skilyrði eru rétt fyrir tilhugaðar veiðar. *Tengiliður: Guðrún Marteinsdóttir*
3. **Fiskislóðin - Vöktun á fiskigöngum um gervitungl nýtt við fiskveiðar:** Hugmyndin felst í að festa gervitunglamerki á fisk og fylgjast þannig með fiskgöngum og nýta við fiskveiðar. Með notkun gervitunglafiskmerkja er hægt að fá nákvæm rauntímagögn yfir landfræðilega staðsetningu fiska án þess að slíkt útheimti að fiskarnir séu endurveiddir. Merkin hafa tímastillingu sem losar þau af fiskinum á fyrirfram ákveðnum tíma og þau fljóta þá upp í yfirborð sjávar og senda boð upp í gervitungl um staðsetningu fisksins. *Tengiliður:Jóhannes Sturlaugsson*

## Fiskvali

Eitt af viðfangsefnum sjómanna er að það eru ekki alltaf réttu fiskarnir sem koma í veiðarfærið. Til að hafa stjórn á aflasamsetningu kemur Fiskvali að góðum notum en hann flokkar frá óæskilega fiska en sá fiskur sem sótt er eftir fer inn í poka botnvörpunnar. Þegar fiskur kemur inn í Fiskvala er hann skannaður, fiskstærð mæld og fiskurinn tegundagreindur. Til að ná fullkominni flokkun þarf fiskurinn að koma með jöfnu millibili inn í Fiskvala. Sendar eru tölulegar upplýsingar úr Fiskvala til skips, í gegnum hljóðbylgjumódem. Niðurstöður eru birtar í formi grafs sem sýnir fjölda fiska sem hleypt er inn í poka, fjölda fiska sem er sleppt, tegundir og stærðardreifingu. Fiskvali stuðlar að aukinni sjálfbærni botnvörpuveiða, flokkar frá undirmálsfisk, óæskilegar tegundir og sleppir fiski á veiðidýpi sem eykur líkur á að hann lifi.

Aðrar hugmyndir sem fengu umfjöllun í ráðstefnuhefti Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013 eru:

- Snjallgildra
- Individual Packing
- Íslensk saltbrennsla endurvakin – Eldheit framleiðsla úr þara í verðmætt sælkera- og heilsusalt.
- Appið WIB-Iceland upplýsir neytendur erlendis hvar þeir geta keypt íslenskar sjávarafurðir í nágrenni við sig.



Fiskvali, búnaður sem stærðar- og tegundagreinir fiskinn í trollinu og flokkar frá óæskilegar tegundir. Vinstra megin er fyrsta kynslóð af búnaðinum sem var prófuð, hægra megin er sýnd stærðin af Fiskvalanum sem Stjörnu-Oddi hefur hug á að afgreiða til notenda.




Sigmar Guðbjörnsson, handhafi Sviföldunnar 2013.



Við verðlaunaafhendingu, frá vinstri: Hjálmar Sigurþórsson, Jóhannes Sturlaugsson, Kai Logemann, Sigmar Guðbjörnsson og Guðrún Marteinsdóttir.

# Allt fyrir ferskleikann

## Nýja 60 x 40 kassalínan frá Promens Tempru er hagkvæmari, sterkari og veitir lengra geymsluþol




**tempra**
eps einangrun

**Nýja 10, 13 og 15 kg línan er þannig hönnuð að hún viðheldur ferskleika matvöru lengur en sambærilegar umbúðir.**

**Kostir nýju kassanna eru eftirtaldir:**

- aukin lengd og rúmtak leiða til betri meðferðar á afurðum
- lengri fiskflök raðast betur innan kassa
- meira rými er fyrir ís eða kælimottur
- rúnnuð hornin auka einangrun og lengja geymsluþol
- breytt hönnun á hornum gerir kassana sterkari en áður
- stærð kassanna er 60 x 40 sm og staflast þeir betur á vörubrettin
- vegna aukins styrks er hægt að stafla í hærri stæður en áður
- betri einangrun næst með þéttari stöflun á bretti

**Temprukassarnir eru undirstaða þess að íslenskur fiskur kemst ferskari til neytenda um allan heim.**




*Hitastig (°C) 5 mm fyrir ofan botn nýja 60x40 cm 10 kg kassans eftir 6 klst. við 20 °C umhverfishita.*




PROMENS

www.promens.is/tempra

PROMENS TEMPRA • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempra@promens.com

# Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012



Björn Björnsson, handhafi Sviföldunnar 2012.

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2012 voru þrjár hugmyndir sem fengu sérstaka viðurkenningu, en þær eru:

1. Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða - Hljóð til að safna saman fiski?
2. Stýranlegir toghlerar fyrir togveiðar og rannsóknir á olíusetlögum.
3. Fljótandi metan - Framtíðar orkugjafi sjávarútvegs á Íslandi.




Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða. Er hægt að nota fiska sem þekkja hljóðmerki til að teyma aðra fiska inn í gildru?

### Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða - Hljóð til að safna saman fiski?

Hugmyndin byggir á því að lágtíðnihljóðmerki séu notuð til að safna fiskum **að veiðitæki** en áður verður að vera búið að kenna þeim að tengja hljóðmerkin við fóðrun. Hljóðmerki geta borist langar leiðir í sjó og eru sjávarfiskar næmastir fyrir hljóðum af lágri tíðni (100-400 Hz). Þeir geta numið slík merki í margra kílómetra fjarlægð og þannig er möguleiki að senda fiskunum skilaboð um hvar fæðu sé að finna. Veiðiaðferð sem nýtir hljóðmerki á þennan hátt gæti hugsanlega orðið mikilvægur valkostur við nýtingu fiskistofna þar sem hægt yrði að spara orku og tilkostnað við veiðarnar með því að láta fiskana sjá um að synda sjálfa að veiðitæki. Jafnframt gæti þessi veiðiaðferð dregið úr óæskilegum afföllum á smáfiski og fiskum í útrýmingarhættu þar sem aðferðin gerir mögulegt að flokka þá fiska frá og sleppa þeim ósködduðum. Þjóð sem nýtti slíka veiðiaðferð þætti líklega til fyrirmyndar um sjálfbæra nýtingu fiskistofna, orkusparnað, hráefnisgæði og dýravelferð. Jafnvel gæti stuðningur við rannsóknir á þessu sviði bætt ímynd sjávarútvegsins.

# Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2011 voru fjórar hugmyndir sem fengu sérstaka viðurkenningu, en þær eru:

1. Ljósveiðar, ljósvarpa.
2. Græna hringferli Íslenskrar Matorku.
3. Rafbátar til veiða innanfjarða.
4. Hjarðeldi á þorski.

### Ljósveiðar, ljósvarpa

Veiðar með togvörpu eru gríðarlega mikilvægar og arðbærar fyrir íslenskt þjóðarbú og því mikilvægt að endurbæta þær. Það liggja umtalsverð tækifæri í að hugsa togveiðarfæri upp á nýtt. Framúrstefnuhugmynd að togveiðifærum byggir á tækni sem einnig gæti nýst í öðrum veiðafærum. Togveiðarfæri byggja á því að draga net í gegnum vatn, með miklu dráttarviðnámi og töluverðri orkunotkun og tilheyrandi losun koltvísýrings. Valvirkni þessara veiðarfæra er takmörkuð og botnvörpur liggja undir ámæli fyrir að snerta sjávarbotn og hefur sums staðar verið í umræðunni að takmarka eða banna botnvörpuveiðar. Í stað þess að nota hefðbundna vörpu er notuð varpa sem ekki kemur við sjávarbotn og í stað þess að nota áþreifanlegt garn til að smala fiski þá er búið til ímyndað net eða veggur úr laserljósi. Framúrstefnuveiðar með laserljósi, munu stuðla að umhverfisvænum veiðum, og lágmarka röskun á sjávarbotninum.



Samanburður á hefðbundinni botnvörpu (til hægri) og fyrirhugaðri ljósvörpu.



Hjálmar Sigurþórsson hjá Tryggingarmiðstöðinni afhendir verðlaun fyrir bestu framúrstefnuhugmynd til Höllu Jónsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð og við hlið hennar er Einar Hreinsson frá Hafrannsóknastofnun.






# Nýr og öflugur
# liðsstyrkur

## Sportþrenna fyrir liði og brjósk

**Sportþrenna Liðleiki** er ætluð þeim sem stunda hreyfingu og íþróttir að staðaldri. **Sportþrenna Liðleiki** stuðlar að virku ónæmiskerfi, styður við heilbrigði liða og brjósks við og eftir erfiða líkamlega áreynslu.

> HREYFING > LIÐIR > LÍKAMSRÆKT




www.lysi.is

# Sjávarútvegsráðstefnan 2013

### Fjöldi þátttakenda
Fjórða ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel Reykjavík dagana 21.-22. nóvember. Samtals voru skráðir um 550 þátttakendur en flestir voru þeir um 440 á ráðstefnustað.

### Skipuleggjendur ráðstefnunnar
Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Inga Jóna Friðgeirsdóttir, formaður, Anna Kristín Daníelsdóttir, Erla Kristinsdóttir, Gísli Gíslason, Grímur Valdimarsson og Lúðvík Börkur Jónsson. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Congress Reykjavík sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað. Nemendur við Háskólann á Akureyri aðstoðuðu einnig í ráðstefnusölum og héldu út Facebook síðu.



Setning Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.

### Dagskrá ráðstefnunnar
Fyrir hádegi á fimmtudeginum voru allir þátttakendur í einum sal og eftirfarandi erindi flutt:
Setning forseta Íslands

- Ávarp sjávarútvegsráðherra
- Hefur verðmæti afla aukist? Framboð, framleiðsla og sala íslenskra sjávarafurða, horfur 2014 og heimsframboð sjávarfangs
- Stefnumótun í íslenskum sjávarútvegi
- Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi
- Afhending framúrstefnuverðlauna

Eftir hádegi á fimmtudeginum var skipt yfir í tvo ráðstefnusali og var eftirfarandi efni tekið fyrir:

- Hvernig eru helstu stofnanir sjávarútvegsins að þjóna greininni?
- Sjávarlíftækni – Hvað er í hendi?
- Flutningur á ferskum fiski
- Hvalveiðar og ferðaþjónusta, samkeppni eða samherjar?
- Heimsframboð samkeppnistegunda botnfiska
- Deilistofnar = Deilustofnar?
- Umhverfis- og upprunamerki, samkeppni eða samherjar?
- Eru tegundafalsanir og efnanotkun vandamál í íslenskri fiskvinnslu?
- Sameiginlegt markaðsstarf
- Þróun í vinnslutækni



Sigurður Ingi Jóhansson í ræðupúlti og frá vinstri; Inga Jóna Friðgeirsdóttir, formaður Sjávarútvegsráðstefnunnar, Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Kristján Hjaltason, Þór Sigfússon, Magnús Bjarnason og Hjálmar Sigurþórsson.

### Móttaka í boði Arion banka
Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Arion banki til veglegrar móttöku í Miðgarði á Grand hótel.

### Styrktaraðilar
Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013 voru samtals 8 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013 voru; Landsbankinn, Eimskip, Sæmark, N1, Tryggingamiðstöðin og Oddi. Aðrir styrktaraðilar voru: Deloitte og Matís.



Framtíðar viðskiptavinir Sjávarútvegsráðstefnunnar, nemendur við Háskólann á Akureyri sem aðstoðuðu í ráðstefnusölum.

# Tryggir gæðin alla leið!



OPTIM-ICE

## Hröð niðurkæling er það sem Optim-Ice® ísþykknið snýst um.

Mjög mikilvægt er að kæla aflann hratt fyrstu klukkustundirnar eftir veiði, það lengir geymsluþol verulega.

Notkun ísþykknis frá Optimar Ísland er góð aðferð til að ná fram hámarks kælihraða því flotmikið og fínkristallað ísþykknið umlykur allt hráefnið og orkuyfirfærslan er því gríðarlega hröð. Þessi hraða orkuyfirfærsla hamlar bakteríu- og örveruvexti og hámarks gæði aflans eru tryggð.




optimar Iceland

OPTIMAR Iceland | Stangarhyl 6 | 110 Reykjavík | Sími 587 1300 | Fax 587 1301 | www.optimar.is

### Við þökkum stuðninginn

Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. þakkar öllum þeim aðilum sem studdu okkur fjárhagslega. Ykkar framlag gaf okkur tækifæri á því að halda þátttökugjaldi á Sjávarútvegsráðstefnunni 2013 í hófi. Einnig þökkum við öllum þeim aðilum sem héldu erindi, fundastjórum/málstofustjórum og öðrum sem aðstoðuðu okkur við skipulagningu og framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013.

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Sjávarútvegsráðstefnuna 2013, s.s. dagskrá, ráðstefnuhefti og einstök erindi er hægt að sækja á vef félagsins: www.sjavarutvegsradstefnan.is/




Málstofan Sameinilegt markaðsstarf. Frá vinstri: Skjöldur Pálmason, Erla Kristinsdóttir, Kristinn Arnason, Eggert Benedikt Guðmundsson og Tyson Fick.



Málstofan Umhverfis- og upprunamerki, samkeppni eða samherjar? Frá vinstri: Gunnlaugur Sighvatsson, Jónas R. Viðarsson, Gísli Gíslason, Guðný Káradóttir og Svavar Þór Guðmundsson.




Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra heldur erindi í málstofunni Hvalveiðar og ferðaþjónusta, samkeppni eða samherjar? Málstofustjóri Helga Sigurrós Valgeirsdóttir.




Málstofan Deilistofnar = Deilustofnar? Frá vinstri: Helgi Áss Grétarsson, Kjartan Hoydal og Jóhann Sigurjónsson.



Hádegisverður í Miðgarði á Grand Hótel Reykjavík.

**Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013**

TM · Oddi · Icelandair Cargo · N1 · Sæmark · Eimskip




**Síldarvinnslan hf. í Neskaupstað** var stofnuð í árslok 1957. Félaginu var í upphafi ætlað að reisa og reka síldarverksmiðju í Neskaupstað og tók hún til starfa árið 1958. Á næstu árum efldist fyrirtækið og árið 1965 hóf það útgerð og tók við rekstri síldarsöltunarstöðvar og hraðfrystihúss. Í sögu Síldarvinnslunnar hafa skipst á skin og skúrir en almennt má segja að fyrirtækið hafi eflst með tímanum og einkum hafa hin síðari ár verið fyrirtækinu hagstæð. Nú er Síldarvinnslan öflugasta uppsjávarfyrirtæki landsins og þriðja stærsta fyrirtækið í Norðausturkjördæmi.

Síldarvinnslan gerir nú út fimm fiskiskip frá Neskaupstað og tvo togara frá Vestmannaeyjum, rekur afkastamikið fiskiðjuver í Neskaupstað og fiskimjölsverksmiðjur í Neskaupstað, á Seyðisfirði og í Helguvík. Á árinu 2013 öfluðu skip félagsins tæplega 142 þúsund tonna og alls nam framleiðsla landvinnslunnar 101 þúsund tonnum að verðmæti 24 milljarðar króna. Þá rekur Síldarvinnslan stærstu frystigeymslur landsins í Neskaupstað og fóru um þær 85 þúsund tonn af afurðum á árinu 2013.

Hlutdeildarfyrirtæki Síldarvinnslunnar eru allmörg og á meðal þeirra má nefna útgerðarfyrirtæki á Akranesi, fóðurframleiðslustöð á Akureyri og útgerðarfyrirtæki í Bandaríkjunum og á Grænlandi.

Hjá Síldarvinnslunni starfa 270 manns til sjós og lands og námu launagreiðslur 3,3 milljörðum króna á árinu 2013. Fyrirtækið greiddi um 2,8 milljarða til hins opinbera á því ári að meðtöldum veiðigjöldum nýliðins fiskveiðiárs. Þar af var greiddur tekjuskattur 1350 milljónir króna og veiðigjöld um 900 milljónir.

Þegar saga Síldarvinnslunnar er skoðuð blasir við að hlutafélagið sem stofnað var í Neskaupstað árið 1957 er orðið að umsvifamiklu og sterku fyrirtæki sem leggur sitt af mörkum til að gera íslenskan sjávarútveg jafn öflugan og raun ber vitni.





Héraðsprent

# Sjávarútvegsráðstefnan 2012

## Heiti ráðstefnu og fjöldi þátttakenda

Þriðja ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel Reykjavík dagana 8.-9. nóvember. Ráðstefnan bar heitið Horft til framtíðar. Samtals voru skráðir þátttakendur um 400 en tæplega 400 manns mættu á ráðstefnustað.

## Skipuleggjendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Kristján Hjaltason formaður, Anna Kristín Daníelsdóttir, Finnbogi Alfreðsson, Hjörtur Gíslason, Inga Jóna Friðgeirsdóttir og Lúðvík Börkur Jónsson. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Ragnheiður Stefánsdóttir hjá RS Ferðalausnir slf. sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað. Nemendur við Háskólann á Akureyri aðstoðuðu einnig í ráðstefnusölum.

## Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Eiga Íslendingar að vera með sameiginlegt markaðsstarf?
- Framtíðartækifæri í fiskeldi
- Allt hráefni á land?
- Er framtíð í fullvinnslu á Íslandi?
- Heimsframboð helstu botnfisktegunda
- Framboð og eftirspurn uppsjávarfiska í N-Atlantshafi
- Opportunities for the seafood industry of Iceland in the EU, now or as member.

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Arion banki til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Borgartúni 19 í Reykjavík.

## Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012 voru samtals 19 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012 voru; Arion banki, Icelandair cargo, Samhentir, Tryggingamiðstöðin, Icelandic group. Aðrir styrktaraðilar eftir stafrófsröð voru: AKVA group, Deloitte, Einhamar, Eskja, Frostfiskur, Fiskvinnslan Kambur, Guðmundur Runólfsson, Hólmadrangur, Íslandssaga, Klofningur, Matís, Rannsóknaþjónustan Sýni og Stormur seafood.



Málstofan Eiga Íslendingar að vera með sameiginlegt markaðsstarf? Frá vinstri: Terje E. Martinussen, Bylgja Hauksdóttir, Guðmundur Kristjánsson og Guðný Káradóttir.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. fremri röð frá vinstri; Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Kristján Hjaltason formaður og Anna Kristín Daníelsdóttir. Aftari röð frá vinstri; Hjörtur Gíslason, Lúðvík Börkur Jónsson og Finnbogi Alfreðsson.



Nemendur við Háskólann á Akureyri sem aðstoðuðu í ráðstefnusölum. Fremri röð frá vinstri; Sigmar Örn Hilmarsson, Sigurður Steinn Einarsson, Andri Fannar Gíslason og Orri Filippusson. Aftari röð frá vinstri; Björn Ingason, Böðvar Már Styrmisson, Fannar Freyr Magnússon og Kristján Sindri Gunnarsson.

---

**Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012**

TM Arion banki ICELANDIC GROUP ICELANDAIR CARGO Því tíminn flýgur SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR


Íslenskur sjávarútvegur og markaðsstarf erlendis
Fyrirtækjum í framleiðslu og sölu á sjávarafurðum, sem og fyrirtækjum sem þjónusta sjávarútveginn, býðst fjölbreytt þjónusta Íslandsstofu, allt frá ráðgjöf og aðstoð í undirbúningi útflutnings, til þátttöku í kynningarverkefnum á erlendum mörkuðum.
ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND
Sundagarðar 2 | 104 Reykjavík | Sími 511 4000 | www.islandsstofa.is

# Sjávarútvegsráðstefnan 2011

## Heiti ráðstefnu og fjöldi þátttakenda

Önnur ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel í Reykjavík dagana 13.-14. október. Ráðstefnan bar heitið **Frá tækifærum til tekjusköpunar**. Samtals voru skráðir þátttakendur 320 en tæplega 300 manns mættu á ráðstefnustað.

## Skipuleggendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins, Halldór Ármannsson, Halldór Þórarinsson, Hjörtur Gíslason, Kristján Hjaltason og Sjöfn Sigurgísladóttir. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Ragnheiður Stefánsdóttir hjá RS Ferðalausnir slf. sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað. Nemendur í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri aðstoðuðu einnig í ráðstefnusal.

## Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Markaðstækifæri í Evrópu
- Sóknarfæri í veiðitækni
- Markaðssvæði framtíðarinnar
- Vöruþróun
- Sjávarútvegur og fjölmiðlar
- Tækifæri erlendis
- Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur
- Sjávarklasinn á Íslandi
- Samantekt, pallborðsumræður og verðlaunaafhending

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Marel til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Austurhrauni 9 í Garðabæ.

## Móttaka

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Marel til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Austurhrauni 9 í Garðabæ.

## Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011 voru samtals 23 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru; Íslandsbanki, Brim og Tryggingamiðstöðin. Aðrir styrktaraðilar eftir stafrófsröð voru: Deloitte, FISK seafood, Icelandair cargo, Íslenskar sjávarafurðir, Ísfélag Vestmanneyja, Íslandsstofa, KG fiskverkun, Landsbankinn, Marel, Maritech, Matís, MSC, Navis, Ný-Fiskur, Plastprent, Samtök fiskvinnslustöðva, Samskip, Trackwell Vísir og Þorbjörn.



Hluti þátttakenda á Sjávarútvegsráðstefnunni.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. frá vinstri; Hjörtur Gíslason, Guðbrandur Sigurðsson formaður, Sjöfn Sigurgísladóttir, Kristján Hjaltason, Halldór Þórarinsson og Halldór Ármannsson á sér mynd.



Málstofan Tækifæri erlendis. Frá vinstri: Helgi Anton Eiríksson, Magnús Gústafsson, Elín Björk Ragnarsdóttir og Bjartmar Pétursson.

**Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011**

Íslandsbanki

BRIM SEAFOOD

TM



# Virðing | Sjálfbærni | Velferð

**Gildi stjórnenda og starfsmanna Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum eru að hafa virðingu, sjálfbærni og sanngirni að leiðarljósi í starfsemi sinni til að skapa félaginu og samfélaginu velferð og farsæld.**

Það gerist meðal annars með því að

» umgangast og nýta auðlindir hafsins með virðingu og skynsamlegri sókn.

» bera virðingu fyrir neytendum sjávarfangs og leitast ætíð við að tryggja að vörumerkið VSV sé öruggt tákn um góðar og hollar afurðir.



Myndir úr sjávarríki Erlendar kafara:
**strytan.is** og **vsv.is**

## Gildi VSV og gátt að ríki sjávarins

**Gildin okkar eru ekki orðin tóm heldur raunverulegur leiðarvísir í daglegu starfi. Þau birtast líka út á við með því að fyrirtækið stuðlaði að því að galopna dyr að sjávarríkinu við Ísland á Vefnum.**

Vinnslustöðin styrkti Erlend Bogason kafara til kaupa á fullkomnum búnaði til myndbandsupptöku í sjó í framhaldi af því að hann myndaði neðansjávar á vegum fyrirtækisins á humarslóð við Eyjar árið 2005. Síðan notaði Erlendur nýja upptökutækni í tengslum við doktorsverkefni skoska líffræðingsins Heather Philps þegar Vinnslustöðin og Háskóli Íslands sameinuðust haustið 2006 um rannsóknir á atferli, veiðum og vinnslu humars. Heather varði doktorsritgerð sína við Háskóla Íslands 29. október 2014. Hún fjallar þar um hvernig auka megi verðmæti íslensks humars í ferli veiða og vinnslu.

Rannsóknarsjóður síldarútvegsins styrkti Erlend til að stunda neðansjávarmyndatökur 2013 og aftur nú í ár.

Erlendur kafari frumsýndi afraksturinn, myndir af lífinu í sjónum og á hafsbotni, við höfnina á Dalvík á Fiskideginum mikla í ágúst 2014. Vinnslustöðin og Rannsóknarsjóður sjávarútvegsins styrktu verkefnið og í kjölfarið var ákveðið að veita almenningi frjálsan og ókeypis aðgang að þessu ótrúlega og magnaða myndefni.



Vinnslustöðin
Vestmannaeyjum

# SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNAN 2010

### Heiti ráðstefnu og fjöldi þátttakenda

Fyrsta ráðstefna Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel í Reykjavík, mánudaginn 6. september og þriðjudaginn 7. september. Heiti ráðstefnunnar var **Hafsjór tækifæra.** Ráðstefnan var vel sótt og skráðu sig 314 manns en þátttakendur voru flestir um 250 í ráðstefnusal fyrir hádegi á mánudeginum.

### Skipuleggendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins, Halldór Ármannsson, Halldór Þórarinsson, Hjörtur Gíslason, Sjöfn Sigurgísladóttir og Svavar Svavarsson. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Ragnheiður Stefánsdóttir hjá RS Ferðalausnir slf. sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað.

### Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Markaðsmál og vöruþróun
- Vörumerkið Ísland
- Tækifæri til verðmætasköpunar
- Umhverfismerkingar
- Ferðaþjónusta og sjávarútvegur
- Samantekt og umræður

Í lok erinda á mánudeginum bauð HB Grandi til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Norðurgarði, en þar mætti stór hluti ráðstefnugesta.

### Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru samtals 26 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru; HB Grandi, Landsbankinn og Icelandic group. Aðrir styrktaraðilar eftir stafrófsröð voru: Faxaflóahafnir, Fiskmarkaður Íslands, Fjarðarnet, Fram Foods, Hafnarfjarðarhöfn, Hraðfrystihúsið Gunnvör, Landsamband íslenskra útvegsmanna, Landsamband smábátaeigenda, Lýsi, Íslandsbanki, Marel, Maritech, Matís, Oddi, Plastprent, Reiknistofa fiskmarkaða, Samhentir Kassagerð, Síldarvinnslan, Skinney – Þinganes, Smyril Blue Water, Vélasalan, Vinnslustöðin og Ögurvík.



Séð yfir Gullteig, ráðstefnusal Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf., Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins á sér mynd og frá vinstri; Sjöfn Sigurgísladóttir, Hjörtur Gíslason, Halldór Þórarinsson, Svavar Svavarsson og Halldór Ármannsson.



Þátttakendur í panel frá vinstri; Erla Kristinsdóttir, Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Eggert B. Guðmundsson, Friðrik Pálsson og Helga Viðarsdóttir.

**Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010**

HB GRANDI

ICELANDIC GROUP

TM

*Ferskir í fiski*

DANICA SJÁVARAFURÐIR EHF.



The strongest in Iceland 2013

ICELAND RESPONSIBLE FISHERIES

ÍSLENSKA SIA.IS ODD 70513 09/14




Oddi hefur í liðlega átta áratugi unnið með íslenskum fyrirtækjum í fiskvinnslu og útgerð að því að þróa umbúðir, sem svara þörfum kröfuharðra viðskiptavina um allan heim. Við framleiðum fjölbreyttar umbúðir úr kartoni, pappír og plasti. Umbúðirnar okkar vernda vörur við flutninga og geymslu, ásamt því að miðla mikilvægum upplýsingum til viðskiptavina.

**Umbúðirnar tala sínu máli.**

**Oddi – umhverfisvottað fyrirtæki.**
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

ODDI

**Umbúðir og prentun**




# Gömul saga og ný

## Saga TM er samofin sögu sjávarútvegs á Íslandi

TM var stofnað af aðilum sem tengjast sjávarútvegi sterkum böndum. Félagið er í dag leiðandi á sviði vátryggingaþjónustu fyrir sjávarútveg og hefur sérhæft sig í lausnum sem tryggja hagsmuni atvinnugreinarinnar, jafnt á sjó sem í landi.

Hjá TM starfar sérstakt teymi sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á sjávarútvegi og sérstökum þörfum hans á sviði vátrygginga.

**Tryggingamiðstöðin** Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is **tm.is**

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

## STYRKTARAÐILAR SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNUNNAR

Íslandsbanki

PROMENS

ICELANDAIR CARGO
Því tíminn flýgur

SAMSKIP

TM

ODDI

LYSI

FISK SEAFOOD

matís

Deloitte.

DANICA SEAFOOD LTD

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

pwc

SVN

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

VSV





Oddi hefur gegnum tíðina unnið með íslenskum fyrirtækjum í fiskvinnslu og útgerð að því að þróa lausnir sem svara gæðakröfum viðskiptavina um allan heim. Við framleiðum umbúðir sem ná utan um alla framleiðslu og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja.

**Afurðir þínar eru í öruggum höndum hjá Odda.**

ODDI

**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.** Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is